# Ýmis dómsskjöl v. veiðirétt í Elliðaám 1849-1886

Aðfnr. 1355, örk 3

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Dómsgjörðir

í málinu: W. Th. A. Thomsen

gegn

Knúti Magnússyni: —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

Kristján Jónsson, sýslumaður
í Gullbringu og Kjósarsýslu

Kunngjörir: að ár 1880, 7. dag maimán. var aukaréttur Kjósar og Gullbringusýslu settur og haldinn á þingstað Seltjarnarneshrepps að Mýrarhúsum af hinum reglulega dómara, sýslumanni Kristjáni Jónssyni, með þingvottum Sigurði Sigurðarsyni og Sigurði Jónssyni. – Var þá tekið fyrir málið:

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen
gegn
Kristjáni bónda Magnússyni

Fyrir hönd stefnandans mætir prokurator Páll Melsted og leggur fram №1 Generalfullmagt fyrir sig, dags. 25/9 1877, til þess að fara með öll mál stefnandans út af laxakistubrotunum. Þá leggur hann fram stefnu dags. 15. f. m. með birtingaráteiknun; auðkennist №2. Þá leggur hann fram №3, sáttanefndarkæru dags. 12. marts þ. á. Ennfremur leggur hann fram №4, eptirrit eptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„útskript úr þingbók Kjósar og Gullbringusýslu", er inniheldur skoðunargjörð frá 26. júlí f. á. Þá leggur hann fram No 5, útdrátt úr laxveiðibók stefnandans kaupmanns Thomsens. auðkennist skjal þetta um framlegginguna með sínu No. Þá leggur hann fram No 6, skaðabótakröfu til hins stefnda, framlagða á sáttanefndarfundi 31. marz þ. á. Þá framleggur hann No 7, sókn sína í dag. auðkennist um framlegginguna.

Skjöl þessi hljóða þannig:

No 1.

Hérmeð gef eg undirskrifaður H. Th. A. Thomsen kaupmaður og borgari í Reykjavík ótakmarkaða fullmagt herra prokurator Páli Melsted í Reykjavík til þess að gæta minna réttinda, að því leyti er snertir fastar eignir mínar á Íslandi, samt til þess að höfða sök og annast um að henni sé fram fylgt við dómstólana, svo framarlega sem réttindi mín viðvíkjandi téðum fasteignum eru á nokkurn hátt skerðt, eins og líka til þess mín vegna að gegna kærum, er á móti mér kunna að verða hafðar út af þessum eignum, samt til að útkljá allar slíkar ákærur, er mig snerta og koma kunna, með sáttargjörð. Og skal allt, er velnefndur mandatarius minn gjörir eða umsemur áðurnefndum réttindum viðkomandi, vera eins skuldbindandi, eins og það af mér sjálfum hefði verið gjört eða umsamið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3

Kaupmannahöfn, 25. sept. 1877.

H. Th. A. Thomsen.

Vitundarvottar:

L. Popp.

W. Fischer.

Generalfullmagt

fyrir hr. prokurator P. Melsted.

Samhljóða nótarial-staðfestu eptirriti, vottar

Kristján Jónsson.

Borgun: 25 aurar.

Brg. Kr. J.

Framlagt fyrir aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu

7/5 1880.

Kristján Jónsson.

№ 2.

Kristján Jónsson sýslumaður í Kjósar og Gullbringusýslu kunngjörir: að Páll Melsteð málaflutningsmaður hefir skýrt mér frá, að kaupmaður H. Th. A. Thomsen hafi látið verzlunarstjóra sinn Larsen kalla fyrir sáttanefnd Kristinn bónda Magnússon í Engey, sem einn af foringjum þeirra manna, er brutu laxakistur og skemmdu veiðigarða Thomsens í Elliðaánum 25. dag júlímán. 1879, en að sáttatilraun hafi orðið árangurs-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4

laus, og málinu því verið vísað til lands laga og réttar.

Stefnist því hér með nefndum Kristni bónda Magnússyni í Engey til þess að mæta eða mæta láta fyrir aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu, sem haldinn verður á þinghúsi Seltjarnarneshrepps að Mýrarhúsum föstudaginn 7. næstkomandi maímán. kl. 12 á hádegi, eða, ef veður bannar, þá næsta dag í sama mund – stefnist nefndum Kristni Magnússyni til þess þar og þá að sjá skjöl í réttinn lögð, hlýða á sókn sakar og réttarkröfur, til sakar að svara og dóm að þola til skaðabóta fyrir skemmdir á veiðivélum Thomsens, veiðispjöll grenju og rýrð á lánstrausti, samt til málskostnaðar skaðlaust, eða einhvers nægilegs, og hvers annars, er af sókinni getur löglega leitt, allt eptir nákvæmri útlistun sækjandans fyrir réttinum.

Lögdagur er aftekinn með tilsk. 3. júní 1796.

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu, 15. apríl 1880

Til staðfestu nafn mitt og innsigli sýslunnar

Kristján Jónsson

L.S.

Borgun:
41 – fjörutíu og einn – eyrir.

Kr. J.

Ár 1880 þann 30. apríl höfum við undirskrifaðir birt framanskrifað fyrirkall bóndanum Kristni Magn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ásýni í Engey persónulega á hans lögheimili. Þetta vitnum við í krapti ummins eiðs með okkar undirskrifuðum nöfnum.

Ingjaldur Sigurðsson (hreppstjóri). Eiríkur Bjarnason (stefnuvottur)

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 7. mai 1880.

Kristján Jónsson.

## № 3.

Það er kunnugt, að eptir að laxakistur kaupmanns H. Th. A. Thomsens í Elliðaánum tvívegis næstliðið sumar höfðu verið brotnar og veiðimi spillt fyrir honum, og hann í hvorttveggja skiptið hafði með talsverðum kostnaði látið gjöra við kisturnar og setja þær aptur í árnar, þá voru þann 25. júlí f. á. af hér um bil 30 manns kisturnar enn á ný brotnar og rifnar burt úr ánum, og veiðigarðarnir skemmdir, þar sem grjótinu úr þeim var velt ofan í árnar. Út af þessu ofríkis verki var höfðað opinbert mál móti þeim, sem verkið höfðu unnið, og þeir með undirréttardómi 1. okt. 1879 dæmdir í sektir og málskostnað, en þar á móti voru kaupmanni Thomsen engar skaðabætur dæmdar.

Eins og vitanlegt er, getur kaupmaður Thom-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem ekki unað við þessi málalok, og þess vegna sér hann sig til neyddan að leita skaðabóta hjá þeim, sem téð ofríkisverk hafa unnið á eigum hans og skemt fyrir honum veiðina.

Þar eð nú Kristinn bóndi Magnússon í Engey er ekki einungis einn af þeim, sem tóku þátt í nefndum veiðivéla spjöllum, áður umgetinn 25. júlí, heldur líka má teljast sem einn helsti maðurinn meðal þeirra, þá hlýt eg, samkvæmt vilja kaupmanns H. Th. A. Thomsens, að snúa mér til herra amtmannsins með þeirri ósk, að y. h. mætti þóknast að kalla Kristinn bónda Magnússon og mig á sáttafund, til þess að reynt verði að miðla málum um skaðabætur fyrir skemmdir á veiðivélum og fyrir veiðispjöll.

En komist ekki sættir á, óska eg málinu vísað til dóms og laga, og mun þá af Thomsens hendi verða krafist fyllstu skaðabóta fyrir skemmdir á veiðivélum hans og fyrir veiðispjöll, samt máls-kostnað skaðlaust eða með einhverja nægilega.

Reykjavík, 12. marts 1880.

L. Larsen.

verzlunarstjóri hjá H. Th. A. Thomsen.

Til

Amtmannsins yfir suður og vestur amtinu.

Í tilefni af hinsvegar skrifaðri kæru innkallast hér með:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Kærandinn, verzlunarstjóri L. Larsen í Reykjavík fyrir hönd kaupmanns H. Th. A. Thomsens; og
2. Hinn kærði, bóndinn Kristinn Magnússon í Engey,
til að mæta á skrifstofu suðuramtsins í Reykjavík fyrir undirskrifuðum amtmanni, sem sáttamanni í Seltjarnarneshreppi, miðvikudaginn 31. þ. m. kl. 11 f. m., og mun þá verða reynd sætt milli málspartanna í máli þessu.

Kærandinn annist um, að kæruskjal þetta með áteiknuðu fyrirkalli verði lögleg birt hinum kærða, og leggi það svo fram á sáttafundinum með áteiknun stefnuvottanna um birtinguna.

Reykjavík, 15. martsmán. 1880.

Bergur Thorberg.

Að framanskrifað fyrirkall sé mér löglega birt, það viðurkennist hér með.

Kristinn Magnússon í Engey.

Að Kristinn Magnússon hafi tekið stefnubirtinguna gilda og skrifað nafn sitt undir, eins og að ofan greinir, vitna eg í krapti míns stefnuvotts eiðs.

Eiði, 24. marts 1880.

Eiríkur Bjarnason.

L. S.

Ár 1880, 31. marts var af undirskrifuðum reynd sætt í máli því, er kæruskjal þetta hljóðar um. Partarnir mættu báðir persónulega. Sáttatilraunin varð árangurslaus; og var málinu þess vegna eptir ósk kærand-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ans, verzlunarstjóra Larsens, vísað til lands-laga og réttar.

Reykjavík, 31. marts 1880.

Bergur Thorberg.

Framlagt á sáttanefndarfundi Seltjarnarneshrepps í Reykjavík 31. marts 1880.

Bergur Thorberg.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu
7. mai 1880.

Kristján Jónsson.

## № 4.

Eptirrit eptir „útskript úr þingbók Kjósar og Gullbringusýslu", sem er staðfest af sýslumanni Kristjáni Jónssyni.

\+ +

Samkvæmt útnefningu herra sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, Kristjáns Jónssonar, dags. 26. þ.m. höfum við undirskrifaðir skoðað veiðivélarnar í Elliðaánum, sem úr voru rifnar hinn 25. þ.m.

Vestri kistan í vestri ánni lá á þurru vestan til við ána, að nokkru leyti sundur dregin, og vantaði nokkra borðstúfa í hana, líka voru augun á járnslánum, sem liggja yfir kisturnar, brotin, og 2 skástífur í öðrum endanum lamaðar, líka voru endarnir á grjótgörðunum niðurfallnir. –

Eystri kistan í sömu á lá á þurru austan til við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ána, og var einn þverrimill brotinn og háfurinn tekinn úr, ásamt fleka þeim, sem hann er fastur í og sem var talsvert skemmdur, líka voru endarnir á grjótgörðunum niðurfallnir.
Efri kistan í austuránni, sem lá á bökkunum fyrir austan ána, var að miklu leyti sundurdregin, og brotnar úr henni 4 þverslár og nokkrir smárimlar og borðapartar, líka voru háfarnir báðir skemmdir, einnig endarnir á grjótgörðunum niðurfallnir.
Neðri kistan í sömu á var í ánni og óskemmd.
Eptir að við nákvæmlega höfðum skoðað veiðivélarnar, kom okkur saman um, að kostnaðurinn við að gjöra þær eins góðar og þær höfðu áður verið, setja þær í árnar og hlaða garðana, mundi verða 81 króna.

Reykjavík, 26. júlí 1879.

Helgi Helgason. Sveinn Sveinsson.

Til
sýslumannsins í Kjósar og Gullbringusýslu.

Að ofanritað eptirrit sé orð til orðs samhljóða útskript þeirri að ofan umgetnu, er mér hefur verið sýnd, votta eg hér með notarialiter eptir nákvæman samanburð.

Skrifstofu notarii publici í Reykjavík
13. marts 1880
E. Th. Jónassen.
L.S.

Borgun: 25 - tuttugu og fimm - aura
borg. E. Th. Jónassen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu
7. maí 1880.
Kristján Jónsson.

## № 5.

Útdráttur
úr laxveiðibók kaupmanns H. Th. A. Thomsens.

1877 veiddist af laxi í Elliðaánum
25., 26., 27. júlí í allt . . . 259 ℔
1878 veiddist 25., 26. og 27. júlí . . . . 236 –
= 495 ℔

að meðaltali: 247½ ℔ á 35 aura = 86 kr. 63.

" " "

Að ofanskrifaður útdráttur sé alveg samhljóða laxveiðibók kaupmanns Thomsens, er mér hefur verið sýnd, votta eg hér með notarialiter eptir nákvæman samanburð.

Skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík 5. maí 1880
E. Th. Jónassen.

Borgun: 25 aurar
E. Th. J.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 7. maí 1880.
Kristján Jónsson.

## № 6.

Skaðabóta-krafa til Kristins Magnússonar og Sæmundar Sæmundssonar fyrir aðfarir þeirra á veiðivélum kaupmanns H. Th. A. Thomsens sumarið 1879.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Varðkostnaður til tveggja manna frá 25. júlí til 1. sept, 38 daga . . . . . . . kr. 121, 60
2. Aðgjörð á laxakistum og veiðigörðum — 81, oo
3. Veiðimissir frá 3 daga: 25., 26. og 27. júlí 1879, þegar kistur og garðar lágu niðurbrotnir . . . . . . . . . . . 86, 63
(metið eptir því, sem veiðst hafði tilsvarandi daga 1877 og 1878).
4. Tort og Creditspilde (þ. e. grenja og rýrð á eign og lánstrausti) . . . . . 1000, oo

Kr. 1289, 23

Framlagt á sáttanefndarfundi Seltjarnarneshrepps í Reykjavík, 31. marts 1880.

Bergur Thorberg.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 7. maí 1880.

Kristján Jónsson.

## № 7.

## Sókn

í sökinni: Kaupmaður H. Th. A. Thomsen
gegn
Kristni Magnússyni í Engey.

Samkvæmt því umboði, sem mér er veitt af kaupmanni Thomsen til að höfða sök þá, er hér liggur fyrir og framfylgja til dóms, skal eg eptir að hafa lagt fram fyrir hinn heiðraða rétt þessi skjöl:
1. Stefnu dagsetta 15. apríl 1880, með birtingarvottorði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Kæru til sáttanefndar, dagsetta 12. marts, með áritun sáttasemjarans um árangurslausa sáttatilraun.
3. Skoðunargjörð þeirra manna, sem útnefndir voru til að skoða og meta skemmdir á veiðivélum Thomsens, dagsetta 26. júlí 1879.
4. Útdrátt úr laxveiðibók kaupmanns Thomsens, leyfa mér eptirfylgjandi athugasemdir um sökina.

Eins og drepið er á í kæruskjalinu til sáttanefndarinnar (framlögðu sub Litt. 2) er það kunnugt, að hinn stefndi Kristinn bóndi Magnússon, er ekki einungis einn af þeim mörgu, sem tóku þátt í ofbeldisverki því, er unnið var á veiðivélum Thomsens í Elliðaánum 25. júlí 1879, heldur og einnig að Kristinn má teljast sem einn hinn helzti maður í flokknum. Sjálfur hefur hann skriflega til landshöfðingja gefið sig fram sem hluttakanda í hinum nefndu veiðivélaspjöllum. Hinn stefndi mátti þó muna, að þeir menn, sem árið 1877 skemmdu þessar sömu veiðivélar kaupmanns Thomsens, voru dæmdir til sekta og fjárútláta. Hann mátti vita, og vissi það vel, að það sama skemmdarverk, sem álitið var saknæmt 1877, það mundi líka verða álitið saknæmt 1879, og það miklu fremur, eptir öllu sem undan var farið, og eptir því, að nú var allt unnið eptir stærri mælikvarða, allt var nú stórbrotnara (1879) en áður hafði verið (1877). Hinn stefndi mátti muna, að hann árið 1878 hafði sjálfur verið með að brjóta veiðivélar Thomsens, og verið fyrir það verk dreginn fyrir lög og dóm og dæmdur til sekta og fjárútláta. En hann lét ekk-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ert af þessu aptra sér frá að vinna það óhappaverk að nýju, sem mál þetta er út af risið. Hinn stefndi vissi vel, að hann – og þeir fylgismenn hans – gjörðu Thomsen skaða með því að skemma eignir hans og spilla veiðinni fyrir honum.

Skaði sá, sem Thomsen hefur beðið af þessari árás á eignir hans, er mjög mikill og tilfinnanlegur, eins og líka sá kostnaður er talsverður, sem þessar aðfarir hafa bakað honum. Hann hefur orðið að halda vökumenn nótt og dag við veiðivélarnar í ánum, hann hefur orðið að kaupa aðgjörð á kistum og veiðigörðum; hann hefur misst veiðina algjörlega í 3 daga, nl. 25., 26. og 27. júlí (1879), og hafa útnefndir menn metið þann skaða eptir því sem veiddist tilsvarandi daga árið 1877 og 1878. En sá mesti skaði, sem Thomsen hefur liðið við það, að veiðivélar hans í Elliðaánum urðu fyrir þessum yfirgangi af hinum stefnda og fylgismönnum hans, hann er innifalinn í þeirri rýrð, sem það gjörir á eigninni; það kemst óorð á laxveiði Thomsens í Elliðaánum. Hver vill gefa mikið fyrir þá eign, sem liggur undir sífelldum árásum, sífelldum skemdum, ekki af náttúrunnar heldur af náungans völdum? Ef þetta er ekki „Tort og Creditspilde" og það sérstaklega fyrir Thomsen, sem kaupmann, þá veit eg eigi, hvað það skal heita.

Eg verð að geta þess, að hinn stefndi er velefnaður maður, og að krafan fyrir „Tort og Creditspilde" er sett svo lágt, sem minnst verður.

Samkvæmt því, sem hér er tekið fram,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verð eg fyrir kaupmanns Thomsens hönd að krefjast þess, að hinn stefndi greiði honum skaðabætur þannig:

1, helming varðkostnaðar til tveggja manna frá 25. júlí fyrra árs til 1. sept. s. á, eða í 38 daga (samtals 121 kr. 60 a.) með . . . . . . kr. 60,80

2, hálfa aðgjörð á veiðivélum (samtals 81 kr.) með — 40,50

3, helming fyrir veiðimissi í 3 daga nl. 25., 26. og 27. júlí (samtals 86 kr. 63 a.) með . . . . 43,32

4, Tort og Creditspilde (þ. e. rýrð á eign og lánstrausti) samtals 1000 kr., þar af helming . . . . 500,00

Samtals 644 kr. 62 a.

Hinn stefndi vildi ekki sáttum taka og neyddi því minn mandant til þess að leita réttar síns með málssókn, hlýtur Thomsen því að krefjast máls-kostnaðar hjá hinum stefnda skaðlaust, eða með einhverju nægilegu eptir réttarins mati.

Verður því mín

Réttarkrafa:

að hinn stefndi Kristinn bóndi Magnússon í Engey verði með réttarins dómi skyldaður til að greiða kaupmanni H. Th. A. Thomsen í skaðabætur m. m. þá upphæð: 644 kr. 62 a., samt máls-kostnað skaðlaust eða með einhverju nægilegu eptir réttarins mati.

Legg eg svo sök í dóm með venjulegu skilyrði og fyrirvara.

Reykjavík, 7. maí 1880.

Páll Melsted.

Til
aukaréttar Kjósar og Gullbringusýslu.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 7. maí 1880.
Kristján Jónsson.

* Rétti slitið. Kristján Jónsson. – Málspartar: Páll Melsted. – Vottar: Sigurður Sigurðsson. Sigurður Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leggur hann að því búnu málið í dóm fyrir hönd stefnandans. — Fyrir hönd hins stefnda mætti yfirréttarmálaflutningsmaður og landshöfðingjaritari, alþingismaður og bæjarfulltrúi, Jón Jónsson, samkvæmt fullmagt, dags. 4. þ. m., er auðkennist № 8 eptir framleggingu í réttinum. Skjal þetta hljóðar þannig:

№ 8.

Hér með veiti eg settum yfirréttarprokurator, Jóni Jónssyni, ótakmarkað umboð til þess að verja fyrir mína hönd mál, er kaupmaður H. Th. A. Thomsen hefur stefnt á hendur mér til skaðabóta fyrir brot á laxakistum og veiðigörðum í Elliðaám 25. júlí 1879. Skal allt það, sem velnefndur umboðsmaður minn eða sérhver sá, sem hann setur í sinn stað, gjörir fyrir mína hönd í þessu máli, vera fullt eins gilt og eg hefði gjört það sjálfur.

Engey, 4. maí 1880.

Kristinn Magnússon.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 7. maí 1880.

Kristján Jónsson.

Biður hann um skjölin № 2–8 léð og 14 daga frest; hvorttveggja veitt með samþykki mótpartsins. Skal málið þá tekið fyrir í Reykjavík kl. 12 nefndan dag á heimili landshöfðingjaritara Jóns Jónssonar.*

Ár 1880, 21. dag maímán. var aukaréttur Kjósar og Gullbringusýslu settur í Reykjavík, og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Kristjáni Jónssyni, með

* Rétti slitið. Kristján Jónsson. — Málspartar: Páll Melsteð. — Vottar: Sigurður Sigurðsson. Sigurður Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þingvottum, Þórði hreppstjóra Guðmundssyni og cand. polit. Indriða Einarssyni. – Var þá tekið fyrir málið:

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen

gegn

Kristni bónda Magnússyni.

Fyrir hönd stefnda mætti Jón landshöfðingjaritari Jónsson og skilaði aptur skjölunum No 2-8, er hann hafði fengið lánuð síðasta réttardag; leggur hann fram vörn dags. í dag, auðkennist No 9. – Skjal þetta hljóðar þannig:

No 9.

Vörn

í málinu: H. Th. A. Thomsen

gegn

Kristni Magnússyni

1.) Stefnandi hefur ekki mætt sjálfur í sáttanefndinni en þar á móti L. Larsen nokkur, sem telur sig verslunarstjóra stefnandans; en það er hvorttveggja, að þetta ekki er sannað, enda væri ekki þar með gefið, að stefnandi hefði gefið L. Larsen þessum umboð til fyrir sína hönd að sættast á málið við hinn stefnda. Með því nú að ekkert hefur komið fram slíku umboði til sönnunar fyrir sáttanefndinni, er það ljóst, að stefndur gat þegar af þeirri ástæðu ekki sæst við L., að hann hafði enga vissu fyrir, að slík sátt yrði bindandi fyrir stefnandann. Eg verð því að neita, að lögleg sáttatilraun hafi farið fram í þessu máli, og vona eg, að málinu verði þegar af þessari ástæðu frávísað, nema því að eins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að mótpartsinn geti sannað, að stefnandinn hafi, áður en sáttatilraunin fór fram, veitt þeim, er fyrir hans hönd mætti við sáttatilraunina og gaf út sáttakæruna, nægilega ítarlegt umboð til þessa hvorstveggja.
2.) Mér var neitað við incamination málsins um að fá til láns réttarskjalið No 1, sem mun hafa átt að vera einskonar umboð fyrir minn háttvirta mótpart til að flytja þetta mál fyrir stefnanda. – Það er þannig langt frá því, að hinn heiðraði mótpartur hafi sannað specielle competence sína, verð eg því að neita henni, og er það önnur ástæða til frávísunar málsins, ef mótpartinum ekki tekst að færa ítarlegri sönnur fyrir umboði stefnandans handa honum til að mæta í þessu máli.
3.) Skjöl þau, sem mótpartsinn hefur lagt fram, bera það sjálf með sér, að hinn stefndi er ekki reus competens í þessu máli. Í sáttakærunni er sagt, að 29 manns hafi með hinum kærða framkvæmt skaða þann, er málið reis af, og mótpartsinn virðist í sókn sinni að ganga út frá því, að annar maður verði með hinum stefnda að bera viðkomanda skaða. En hvort sem það nú eru 1 eða 29, sem mótpartsinn vill bera það uppá, að þeir í félagi við hinn stefnda hafi unnið hið áminnsta verk, virðist það ljóst, að hér er hið fullkomnasta litis consortium, og getur sóknaraðili ekki stefnt einum nema því að eins, að hann stefni öllum hinum, sem með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

honum eru sagðir að hafa verið í samverknaði.

4.) Þegar til skaðabótareiknings stefnandans kemur, kastar tólfunum. Í sáttakærunni segir, að kisturnar hafi verið brotnar úr og veiðigarðarnir skemmdir, en í 4. réttarskjali, er mótpartinum einnig virðist vilja styðja sig við, er beinlínis tekið fram, að tvær af kistunum hafi legið með litlum eða engum skemmdum á þurru við ána daginn eptir, að hinn stefndi er sagður að hafa tekið þátt í því að taka kisturnar úr ánum; að eins 1 kista er sögð að hafa verið að miklu leyti eundurdregin og 4. kistan er jafnvel sögð að hafa verið óskemmd í ánni. Eg verð nú fyrst samkvæmt sögn umbjóðanda míns að neita því, að hann hafi lagt hönd sína á nokkra af þessum kistum, og hefur nýlega dómur sá í opinberu máli gegn umbjóðanda mínum og fleirum, sem mótpartur-inn skírskotar til, verið dæmdur ómerkur; en þar næst vil eg leyfa mér að taka fram, að hafi verið consortium um að friða laxveiðina í Elliða-ám, og hafi umbjóðandi minn verið einn í þessu consortium, og hefur mótpartur-inn enn þá hvergi sannað — þá hefur þetta consortium enga hlutdeild átt í því að skemma þær 3 kistur, er getur um í réttarskjalinu № 4, að ekki hafi verið alveg óskemmdar, og því síður hafa þeir valdið því að nokkru leyti, að þeir grjótgarðar, sem sagt er að †nokkrir steinar hafi verið fallnir úr daginn eptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að kisturnar eru sagðar að hafa verið teknar upp, hafi hrunið á endunum.

Réttarskjalið No 4 getur ekkert sönnunarafl haft gagnvart hinum stefnda, þegar af þeirri ástæðu, að honum hefur ekki verið stefnt til skoðunargjörðar þeirrar og matsgjörðar, er þar ræðir um (N. L. 1-4-1); og neita og hinum einstöku factisku atriðum, er þeir Helgi Helgason og Sveinn Sveinsson þar þykjast vera að raun komnir um, nema því, að kisturnar hafi viðkomandi dag verið teknar úr ánni. Loksins vil eg, áður en eg skil við þetta skjal, athuga, að ástand það, sem fannst 26. júlí f. á. sannar ekkert um ástand það, sem var 25. s. m., og því síður, hvernig það var fyrir þann dag. Þeir sem kynnu 25. júlí f. á. að hafa tekið kistur stefnandans úr Elliðaám, geta ekki borið ábyrgð á skaða þeim, sem hefur verið gjörður á kistum og görðum stefnandans, eptir að þeir fóru frá ánum, og því síður á því, sem vantaði í kisturnar og garðana fyrir 25. s. m.

a. Hinn fyrsti liður í skaðabóta-reikningi stefnandans (réttarskjalið No 6) er varðkostnaður til tveggja manna í 38 daga, frá 25. júlí til 1. sept., Kr. 121,60. Hafi útlát þessi átt sér stað, en því neita eg, verð eg að halda því fastlega fram, að útlát þessi hafi ekki staðið í hinu minnsta sambandi við verk það, er dróttað er að hinum stefnda og 29 öðrum mönnum, enda liggur það í augum uppi, að ef stefnandi þyrfti að ~~ef stefnar~~ verja eign sína

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gegn 30 röskum mönnum, en því neita eg, þá nægðu ekki 1 eða 2 menn, og hafa þeir að líkindum ekki getað haldið vörð báðir saman dag eptir dag og nótt eptir nótt. Stefnandi getur nú ekki reyndar um neitt næturvarðhald, og sýnir hann þar með sjálfur, að þeir vinnumenn einir, sem hann kynni að eiga við, hafa haft allt annað verk, en að verja laxakisturnar gegn smáherflokum. Yfir höfuð nær það ekki neinni átt, að heimta í reikningi fyrir skaða, sem maður þykist hafa orðið fyrir af hendi annars manns, borgun fyrir vörð gegn skaða, er einhver þriðji maður síðar kynni að framkvæma.

b. „Aðgjörð á laxakistum 81 kr." Eg neita því, að nauðsynlegt hafi verið að gjöra nokkuð við kisturnar, áður en þær voru settar í ána, og að slík aðgjörð hafi kostað nokkuð líkt hinni kröfðu upphæð, og hefur heldur ekki stefnandi gjört hina minnstu tilraun til að sanna þetta, hann hefur að eins látið 2 menn, er hvaðdir hafa verið án stefnu til umbjóðanda míns, meta það, sem kostnaðurinn „mundi verða". Að öðru leyti vísa eg til neitunar minnar á því, að þeir, sem kynnu að hafa tekið upp laxakisturnar, hafi skemmt þær eða grjótgarðana, sem að þeim liggja.

c. Eg mótmæli laxabók hins stefnda, og hefur hún alls ekkert sönnunarafl í þessu máli.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Neita eg því, að veiði stefnandans hafi verið á tíma-
bilum þeim, er getur um í réttarskjalinu No 5, eins og
hann segir, og vil eg leyfa mér að taka fram, að stefn-
andinn margan daginn hefur veitt alls ekki neitt í
laxakistur sínar, og að ekki er hin minnsta á-
stæða til að ætla, að hann myndi hafa veitt nokk-
uð á þeim dögum fremur en á öðrum veiðilaus-
um dögum, en þar til kemur, að lax má ná
með mörgum öðrum veiðibrellum en kistum, og
hefði stefnandi því getað veitt þann lax, er
kynni að hafa gengið í ána 25.-27. júlí f. á. með
netum eða á annan hátt, og hver veit nema að
hann hafi gjört það. Líklegast er, að alls eng-
inn lax hafi þessa dagana gengið í ána.
Þetta álit styrkist af því, að sú kista, sem eptir
var í ánni, virðist að hafa verið alveg laxa-
laus þá dagana, og er engin ástæða fyrir lax-
inn til þess að ganga fremur í eina kistuna en
í aðra. Loksins get eg þess, að það sé engum öðr-
um að kenna en stefnanda sjálfum, að 3 laxa-
kisturnar voru ekki settar niður í ána sama dag
og þær voru teknar upp.

d. 1000 kr. „fyrir grenju og rýrð á eign og láns-
trausti", út af skaða, sem stefnandinn sjálfur telur
167 kr.!! Stefnandinn ætlar víst þó ekki að gjöra
að gamni sínu gagnvart hinum virðuglega rétti.
Hver maður, sem hefur dálítinn snefil af réttlætis-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilfinningu og þekkir svolítið ástæður stefnandans, mun álíta kröfu þessa einhverja hina djörfustu, sem nokkurn tíma hefur komið fram. Stefnandinn er stórríkur kaupmaður, sem ýmist tapar og vinnur á hverju ári fleiri þúsundir króna, en hinn stefndi tekur inn og lætur út hundruð, að eg segi ekki tugu af krónum. Skaða upp á fáa tugu af krónum getur maður með þeim efnahag, sem stefnandi hefur, auðsjáanlega alls ekki fundið til, og því síður þeir, er lána honum vörur og fé. Eg neita fastlega, að stefnandi hafi haft nokkra gremju eða rýrð á eign og lánstrausti út af tiltæki því, er hann dróttar að hinum stefnda.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, krefst eg:

principaliter: að málinu verði frávísað og stefnandi dæmdur til að greiða hinum stefnda „kost og tæring."

subsidialiter: að hinn stefndi verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnandans og hann (stefnandinn) skyldaður til að borga hinum stefnda allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað skaðlaust eða með einhverju nægilegu

mest in subsidium: að hinn stefndi verði sýknaður af kærum og kröfum stefnandans gegn því að greiða 1/30 part af kostnaði þeim, er stefnandinn sannar, eða dómkvaddir menn meta, að hann hafi haft

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við að setja kistur þær, er getur um í málinu, niður aptur, og að stefnandi greiði honum stefnda allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Reykjavík, 21. mai 1880.

Jón Jónsson.

Til aukaréttar Kjósar og Gullbringusýslu

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 21. mai 1880.

Kristján Jónsson.

Leggur hann þá málið í dóm. – Fyrir hönd stefnandans mætti Páll Melsted málaflutningsmaður og biður um skjölin léð og frest hæfilegan veittan. Voru honum afhent skjölin No 1–9, og var frestur veittur til fimmtudags 3. n. m. (júní) með samþykki mótpartsins. Verður málið þá tekið fyrir nefndan dag kl. 2. e. m. á heimili Jóns landshöfðingja-ritara Jónssonar.

Rétti slitið.

Málspartur:
Páll Melsted

Kristján Jónsson.

Vottar:
Þórður Guðmundsson
Indriði Einarsson.

Ár 1880, 3. dag júnímánaðar var aukaréttur Kjósar og Gullbringusýslu settur í Reykjavík og haldinn af hinum reglulega dómara Kjósar og Gullbringusýslu, sýslumanni Kristjáni Jónssyni, með vottum Magnúsi Þórarinssyni og Árna Sveinssyni.

Var þá tekið fyrir málið: kaupm. H. Th. A. Thomsen gegn Kristni bónda Magnússyni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd stefnandans mætir prokurator Páll Melsted og skilar aptur skjölum þeim, er hann fékk léð síðasta réttardag, No 1–9, og leggur fram framhaldssókn auðkennda No 10.

Skjal þetta hljóðar þannig:

No 10.

Framhald sóknar

í sökinni: Kaupmaður H. Th. A. Thomsen

gegn

Kristni Magnússyni í Engey.

Minn háttvirti mótpartur kannast ekki við þann Larsen, er mætti fyrir sáttanefnd af hendi kaupmanns Thomsens, og vill því neita, að lögleg sáttatilraun hafi átt sér stað. En þessi hans efi og vefenging er ástæðulaus. Það veit hér hvert mannsbarn, og mótpartur hann líka, að Larsen þessi er verzlunarstjóri kaupmanns Thomsens – það er notoriskt, og slíku eru menn aldrei vanir að neita. Sáttasemjarinn amtmaður Thorberg, sem vel veit, hvað hann gjörir, tók Larsen gildan, eins og sjálfsagt var, mótparturinn, Kristinn sjálfur, tók Larsen gildan. Larsen sýndi þá sína fullmagt, þó þess sé ekki getið, og nú sýni eg hana í réttinum. Eg mótmæli algjörlega þessu atriði í vörn mótpartsins.

Þarnæst segir minn heiðraði mótpartur: „mér var neitað að fá til láns réttarskjalið No 1". Þetta hefði hann ekki átt að segja, og mér liggur við að minna hann á hið fornkveðna: si tacuisses philosophus mansisses. Hann man þó sjálfur, hvernig allt fór fram fyrir réttinum í Mýrarhúsum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. mai, og hafi þar nokkuð farið öðru vísi en vera átti, þá er það ekki mér að kenna, heldur einmitt mínum heiðraða mótparti, sem þann dag þvert á móti venju sinni sýndi mér litla sanngirni. Mitt umboð fyrir Thomsen í þessum laxaveiðimálum, er alkunnugt hér fjer og nær, og það var til staðar í réttinum þann 7. mai, eins og áteiknun dómarans sýnir, og fylgir málsskjölunum. Eg mótmæli einnig þessu atriði í vörn mótpartsins, sem alveg ~~er~~ ástæðulausri. –

Þar sem mótparturinn segir (í tölulið 3), „að sóknaraðili geti ekki stefnt einum nema því að eins að hann stefni öllum hinum", þá neita eg þessu sem alveg röngu og gagnstætt allri réttarvenju á þessu landi.

Þegar mótparturinn (í 4. tölulið) fer að tala um þann skaðabóta reikning, þann sem eg hefi lagt fram, þá tekst honum þó hvað lakast að verja sinn skjólstæðing, enda hefur hann ekki gott mál að verja, hann neitar öllu, en sannar ekkert. Hann neitar því, að skjólstæðingur hans hafi átt hlutdeild í að rífa kisturnar úr ánum og skemma þær meira og minna, sama er að segja um steingarðana. Þessi skjólstæðingur hans á að hafa komið þar hvergi ~~fram~~ nærri. Og þó veit það hvert mannsbarn, að Kristinn í Engey var höfuðforingi fyrir flokknum. Kristinn hefur heldur aldrei borið það af sér. Mótpartur minn neitar því, að réttarskjal-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ið No 4 hafi ekkert sönnunarafl gagnvart hinum stefndu, þegar af þeirri ástæðu, að honum hafi ekki verið stefnt til skoðunargjörðarinnar. En eg neita því fastlega, að það sé nokkurs tíma venja, að kalla skemmdar-manninn (þann sem skemmdunum veldur) til, þegar meta skal þann skaða, sem hann gjörir á annars eign. Hér var um það verk að ræða, sem varðaði ákærum réttvísinnar, og sök sú, sem höfðuð var af hálfu hins ~~ákærða~~ opinbera gegn Kristni og þeim félögum hans, og dómur sá, sem gekk í henni, var ekki samþykktur af landsyfirréttinum, að því honum þótti málið eiga að meðhöndlast og dæmast sem justitsmál, en ekki sem opinbert lögreglumál. En það er langt frá því, að yfirdómarinn áliti Kristin og þá félaga sýkna sakar.

Eg neita því, að nokkur skemmd eða skaði hafi verið gjörður á laxakistum og laxagörðum Thomsens frá því þeir Kristinn skildu við það, þann 25. júlí f. á., og þangað til þeir Helgi Helgason og Sveinn Sveinsson skoðuðu skemmdirnar daginn eptir, s: 26. sama mán.

Allt það, sem mótpartsrinn segir um varðmenn Thomsens í árhólmunum, eru eintómar getgátur, og neita eg því öllu, sem mótpartsrinn talar um það atriði. Það var ekki meining Thomsens, þegar hann setti vökumenn eða varðmenn í árhólmana, að þeir skyldu verja kisturnar fyrir hvað mörgum mönnum, sem að kæmu og vildu brjóta þær, heldur hitt, að bera vitnisburð um það, hverjir þeir væru, sem kisturnar brytu, að þeir gætu vakið fólk upp

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á næstu bæjum, Ártúni og Bústöðum, og safnað mönnum að þaðan, ef hinir, sem brjóta vildu, væru ekki því fleiri; og tveir urðu þeir að vera, til þess að geta sofið og vakað til skiptis. Annað verk en standa á verði við laxakisturnar, unnu þeir ekki.

Mótpartinum dugar ekki að vefengja skoðunargjörð þeirra Helga og Sveins, því að þeir eru manna færastir til að dæma um það, hvað aðgjörðin á kistunum og laxagörðum kosti og þeir hafa verið útnefndir til skoðunarinnar af dómaranum og að gjöra hana, eins og þeir treystu sér til að staðfesta með lagamna eiði.

Að setja laxakisturnar niður í árnar samdægurs sem þær voru brotnar, var ómögulegt; það þurfti svo mikið að gjöra við þær og við þá niðurbrotnu garða.

Eg þarf nú ekki að orðlengja þetta frekar, en læt mér nægja að mótmæla því að öllu leyti, er eg hefi eigi sérstaklega tekið fram og mótmælt hér að framan. Réttarkröfum mótpartsins mótmæli eg, og held mér til þeirrar kröfu, sem eg áður hefi gjört í sökinni og legg málið í dóm með venjulegu skilyrði og fyrirvara.

Reykjavík, 3. júní 1880.

Páll Melsted.

Til
aukaréttar Kjósar og Gullbringusýslu.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu, 3. júní 1880.

Kristján Jónsson.

Enn fremur sýndi hann fullmagt frá 7. nóv. 1879, útgefna af kaupmanni Thomsen til verzlunarstjóra síns L. Larsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að kalla fyrir sáttanefnd þá menn, sem spillt höfðu fyrir honum veiðinni í Elliðaánum síðast liðið sumar. – Leggur hann þá málið í dóm. — Fyrir hönd stefnda mætti landshöfðingjaritari Jón Jónsson og biður um hin framlögðu skjöl og þau, sem sýnd hafi verið í réttinum, líð og frest í fjórtán daga til andsvara. Allt þetta var veitt með samþykki mótpartsins, og verður málið næst tekið fyrir á sama stað, en þó eptir 3 vikna frest, eptir samþykki hlutaðeigenda, þann 24. þ. mán. kl. 2 e. m. í húsum herra landshöfðingjaritara Jóns Jónssonar.

Rètti slitið.

Vottar: Kristján Jónsson. Málspartar:

Magnús Þórarinsson Páll Melsted.

Árni Sveinsson. Jón Jónsson.

Ár 1880, hinn 24. dag júnímánaðar var aukarèttur Kjósar og Gullbringusýslu settur í Reykjavík og haldinn af hinum reglulega dómara sýslumanni Kristjáni Jónssyni með rèttarvottum Árna Sveinssyni og Magnúsi Þórarinssyni. Var þá tekið fyrir málið: kaupmaður H. Th. A. Thomsen gegn Kristni bónda Magnússyni

Umboðsmaður stefnda landshöfðingjaritari, Jón Jónsson, var mættur og skilar aptur skjölum þeim, er honum voru líð síðasta rèttardag, № 1–10. Fyrir hönd stefnandans var mættur Prokurator Páll Melsted og biður um skjölin líð og viku-frest. Jón landshöfðingjaritari Jónsson leggur þá enn fremur fram staðfest eptirrit af umboði því, sem sýnt var síðasta rèttardag frá H. Th. A. Thomsen til L. Larsen, og getur hann þess, að eptirrit þetta sýnir, að L. Lar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem hafi ekkert umboð hoft til að sættast á málið, en að eins til að kalla menn fyrir sáttanefnd. Skjal þetta auðkennist № 11, og hljóðar svo:

№ 11.

Hér með gef eg herra L. Larsen verslunarstjóra mínum í Reykjavík fullmagt til að kalla á menn fyrir viðkomandi sáttanefnd, sem eg gjöri nøydder til að lögsækja til skaðabóta fyrir hlutdeild þeirra í ofríkisfullum skemmdum á veiðivélum mínum í Elliðaám næstliðið sumar. Skal allt, sem herra L. Larsen í því efni gjörir, vera sem eg sjálfur gjört hefði.

Kaupmannahöfn, 7. dag nóvembermán. 1879.

H. Th. A. Thomsen.

L.S.

Rétt ritað eptir frumritinu,

vottar

Kristján Jónsson

25 – tuttugu og fimm – aurar

Kr. J.

Borgað

Kr. J.

Framlagt fyrir aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 24/6 1880

Kristján Jónsson.

Að öðru leyti skírskotar hann til þess, sem hann hefur sagt í framhaldsvörn sinni, þar sem hann meðal annars hefur neitað, að skjal þetta hafi verið gefið út þann ~~sama~~ dag, sem það er dagsett, m. m. Þá leggur Jón ritari enn fremur fram framhaldsvörn dags: í dag, og leggur málið í dóm með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skírskotun til hennar. Auðkennist No 12. – Skjal þetta hljóðar þannig:

No 12.

Framhaldsvörn
í málinu: kaupm. H. Th. A. Thomsen
gegn
Kristni Magnússyni.

Eg neita authentiu og réttri dagsetningu umboðsskjalsins 7. nóvbr., er aldrei kom fram fyrir sáttanefndinni, og vel getur verið búið til löngu eptir að sáttatilraunin var afstaðin f. á. Held eg enn fremur neitun minni á því, að L. Larsen sá, sem mætti í sáttanefndinni, hafi verið verzlunarstjóri stefnandans, þar á móti getur vel verið, að hann hafi verið búðarmaður hjá stefnanda, en þetta er allt annað en að vera verzlunarstjóri. Notorietets-hugmyndin getur hér alls ekki komið fram. Sóknaraðili er skyldur að sanna, að hann hafi annaðhvort mætt sjálfur við sáttatilraunina, eða sent mann útbúinn því umboði, að umbjóðanda mínum væri óhætt að sættast við hann, án þess að eiga það á hættu, að sóknaraðili ryfi þá sætt aptur.

Um umboðsskjal mótpartsins vísa eg til varnar minnar, og er það vitaskuld, að umboð stefnandans handa mótpartinum heldur ekki getur verið notoriskt. Skjali því, sem eg nú hef fengið til láns, mótmæli eg sem ósönnuðu,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bædi að því, er dagsetningu og authentiu snertir.

Ummæli mótpartsins um ábyrgð þá, er hann dróttar að hinum stefnda, eru ekki alveg ljós. Öðruhvorn verður hann að fara fram:

1. Annaðhvort að umbjóðandi minn hafi verið in consortio með öðrum í því, að taka kisturnar úr ánum og þá er einnig litis consortium, og varnaraðili einn er reus incompetens í málinu. Þessu consortium hef eg neitað og neita eg því enn, og hefur mótpartsinn enn ekki gjört hina minnstu tilraun til að sanna það, og getur heldur ekki hér orðið brúk fyrir notorietets-hugmyndina, og er það skrítið, að mótpartsinn skuli ekki gjöra hina minnstu tilraun til að sanna það, sem hann segir, að hvert mannsbarn viti. Eg veit það ekki, og dómarinn veit það ekki, og erum við þó 2 mannanna börn. Kristinn var ekki neinn flokksforingi við hið nefnda taki fyrir, og er eg búinn að neita því og endurtek hér með þessa neitun. Hann gjörði ekki meira til þess að ná kistunum upp úr ánum, en sérhver annar af þeim 29 mönnum, er mótpartsinn sjálfur játar, að hafi unnið að því að taka upp kisturnar um leið og umbjóðandi minn, þó án þess að leggja hönd á kisturnar sjálfur.

2. Ellegar mótpartsinn verður að segja: Hinn stefndi vann líkt og 29 aðrir menn að því að taka upp laxakisturnar, og verður hver fyrir sig að bera ábyrgð á sínum hluta af skaða þeim, er sannað verður að hafi leitt af þessu. Þessu hef eg aldrei neitað, og er hin mest subsidi krafa mín gjörð með tilliti til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess, að dómarinn skyldi ekki aðhyllast skoðun mína um, að málið sé ekki löglega lagt til sætta eða höfðað, eða að ummæli mótpartsins um félagsskap hinna 30 manna, er tóku kisturnar úr ánum, verða að hafa þá þýðingu, að mótpartur-inn verður að lögsækja alla þessa 30 menn í sameiningu. –

Hvað skaða þann snertir, er spurning er um í máli þessu að bera ábyrgð fyrir, er framhaldssókn mótpartsins ekki meira upplýsandi, en með tilliti til sáttatilraunarinnar, hins speciella competence mótpartsins, og ábyrgðarinnar. Einnig hér virðist mótpartinum að styðja sig við einhverja notoritet, er að mínu áliti getur ekki komið til greina. Það er skylda mótpartsins að sanna ítarlega skaða þann, er hann vill fá að nokkru leyti endurgoldinn frá umbjóðanda mínum. Slíka sönnun getur hann varla útvegað öðru vísi en með vitnaleiðslu, þar á móti sannast ekkert með declamationum í réttarskjölum og með skoðunargjörðum, er haldnar eru án stefnu til hlutaðeiganda. Hvert einstakt atriði í skaðabóta-reikningi sínum er mótpartinum skyldur að sanna, og dugar ekki að setja fram neitanir móti mínum neitunum. Hans er sönnunarbyrðin í þessu máli, og ekki mín.

Eptir því, sem eg nú hefi frétt, mun sóknaraðili hafa haft eptirlitsmenn <u>löngu fyrir 25. júlí þ. á.</u> við laxveiði sína, og samt vill hann nú láta umbjóðanda minn borga að nokkru leyti kostnað

við þetta eptirlit, og er þetta eitt atriði með öðrum, er sýnir ljóslega, hve litla samvizkusemi og sanngirni að sóknaraðili hefir sýnt í skaðabótakröfu sinni.

Að öðru leyti vísa eg til þess, sem þegar er komið fram af minni hendi í málinu, og legg málið í dóm með kröfum þeim, er eg er búinn að setja fram. –

Reykjavík, 24. júní 1880.

Lotningarfyllst
Jón Jónsson.

Til
aukaþings Kjósar og Gullbringusýslu.

Framlagt fyrir aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 24/6 1880.
Kristján Jónsson.

Samkvæmt áðurframkominni beiðni Páls Melsteds, og með samþykki Jóns ritara Jónssonar var frestur í máli þessu veittur til fimmtudags 1. næsta mánaðar; og verður málið þá tekið fyrir hjá prokurator Páli Melsted kl. 12 miðdag. Skjölin Nº1-12 afhent prokurator Páli Melsted.

Jón landshöfðingjaritari Jónsson bað þess getið, að hann hafi ekki í dag játað fyrir rétti, að L. Larsen hafi haft umboð til að mæta í þessu máli, en að hann hafi að eins sýnt fram á, að hið umrædda sönnunarskjal mótpartsins, Nº11, gangi ekki út á annað en umboð til að mæta í sáttanefnd.

Rétti slitið
Kristján Jónsson.

Magnús Þórarinsson
Árni Sveinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, hinn 1. dag júlímán. var aukaréttur Kjósar og Gullbringusýslu settur og haldinn í Reykjavík af hinum reglulega dómara sýslunnar, sýslumanni Kristjáni Jónssyni, með þingvottum Lárusi Jóhannessyni og Rikkarði Torfasyni.

Var þá tekið fyrir málið: kaupm. H. Th. A. Thomsen

gegn

Kristni bónda Magnússyni.

Fyrir hönd stefnandans var mættur prokurator Páll Melsted, skilar hann aptur skjölum þeim, №1-12, er honum voru léð síðasta réttardag, mótmælir því síðast framkomna og leggur málið í dóm. Fyrir hönd stefnda mætir Jón ritari Jónsson og leggur einnig málið í dóm.

Sökin tekin upp til dóms.

| Málspartar: | Rétti slitið. | Þingvottar: |
|---|---|---|
| Páll Melsted | Kristján Jónsson. | Lárus Jóhannesson |
| Jón Jónsson. | | Rikkarður Torfason. |

Ár 1880, 9. dag ágústmánaðar var aukaréttur Kjósar og Gullbringusýslu settur á skrifstofu sýslunnar og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Kristjáni Jónssyni með vottum Torfa Magnússyni og Magnúsi Torfasyni. – Var þá í sökinni:

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen

gegn

Kristni bónda Magnússyni

kveðinn upp svo látandi:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dómur:

Stefnandinn, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, lögsækir í máli þessu hinn stefnda, Kristin bónda Magnússon, sem einn þeirra manna, er brutu laxakistur og skemmdu veiðigarða stefnandans í Elliðaánum 25. dag júlímán. f. á., og krefst hann, að hinn stefndi verði fyrir þær sakir dæmdur til að greiða sér:

| | |
|---|---|
| 1. hálfan varðkostnað til tveggja manna frá 25. júlí til 1. sept. f. á., eða 38 daga, alls . . . . . | 60 kr. 80 a. |
| 2. hálfa aðgjörð á veiðivélunum . . . . | 40 - 50 - |
| 3. helming skaðabóta fyrir veiðimissi í 3 daga (25., 26. og 27. júlí) . . . . . . . . | 43 - 32 - |
| 4. fyrir rýrð á eign og lánstrausti („Tort og Credit-spilde") . . . . . . . . . . | 500 - " - |
| | = 644 - 62 - |

Enn fremur krefst hann, að sér verði tildæmdur málskostnaður skaðlaust, eða með einhverju nægilegu.

Stefndi krefst þar á móti principaliter, að málinu sé frá vísað og stefnandi dæmdur til að greiða „kost og tæring", subsidialiter að verða algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnandans, og mest in subsidium að hann verði sýknaður af kröfum stefnandans gegn því að greiða 1/30 part af kostnaði þeim, er stefnandi sannar, eða dómkvaddir menn meta, að hann hafi haft við að setja kistur þær (laxakistur), er um getur í málinu, niður aptur. Svo krefst og stefndi, að stefnandinn greiði allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Frávísunarkröfu sína byggir stefndi á því, að sá, er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir hönd stefnandans mætti fyrir sáttanefnd í málinu, eigi hafi haft umboð eða heimild til að mæta þar og sættast á málið. En bæði er, að eigi verður séð af áteiknun sáttanefndarinnar, að nokkur mótmæli þar hafi fram komið gegn umboðsmanni stefnandans, sem er verzlunarstjóri hans, enda fór sáttatilraun fram, og svo hefur og sérstaklega framkomið í réttinum umboðsskjal frá stefnandanum, dags. 7. nóv. f. á., fyrir þennan verzlunarstjóra sinn, til að kalla stefnda fyrir sáttanefnd. Að vísu hefur stefndi neitað authenti og réttri dagsetning skjals þessa, en neitun sú, sem við ekkert hefur að styðjast, verður ekki tekin til greina. Stefnandinn verður því að álítast að hafa látið löglega mæta fyrir sáttanefndinni, og þar með fellur frávísunar-krafan.

Hinn stefndi krefst algjörðrar sýknu af þeirri ástæðu, að hann eigi hafi lagt hönd á laxakistur stefnandans hinn 25. júlí f. á. En þessi sýknarástæða verður eigi til greina tekin, því að það er alkunnugt og dómaranum embættislega kunnugt, að hinn stefndi var við ásamt mörgum öðrum, þegar laxakisturnar voru brotnar úr, og að hann var við einmitt í því skyni að taka kisturnar, eða sjá um þær teknar úr ánni, enda hefur stefndi eigi neitað þessu. Hitt varðar engu í sök þessari, hvort hinn stefndi *persónulega* hafi lagt hönd á kisturnar eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki, því að það var flokkur manna, er verkið vann í sameiningu, og eigi verður til tínt, hvað hver einn vann út af fyrir sig.

Þá krefst stefndi sýknu gegn því, að hann greiði 1/30 part af kostnaðinum við að setja laxakisturnar niður aptur, annaðhvort eptir því, er stefnandi sannar, að kostnaðurinn hafi verið, eða eptir mati dómkvaddra manna. Virðist hann byggja þessa kröfu sína á því, að hér hafi verið fleiri um verkið (að brjóta laxakisturnar), nl. 30, og að öllum þeim verði að stefna til ábyrgðar í sameiningu, ef nokkurri ábyrgð á að verða komið fram á hendur þeim, kallar hann, að hér sé litis consortium. En þetta er eigi rétt. Þar sem að ræða er um bætur fyrir ólöglegan verknað, er fleiri en einn hafa tekið þátt í og verið samverkandi að, án þess sýnt verði, hvað hver sérstaklega hefur gjört, ber hver einstakur hluttakandi ábyrgð á öllum þeim skaða, er af verknaðinum hefur hlotist, svo framarlega sá, sem fyrir ~~ve~~ skaðanum hefur orðið, fer því fram.

Hinn stefndi getur því þannig eigi komist hjá að verða dæmdur til að greiða bætur fyrir skaða þann, er stefnandinn hefur beðið við að laxakistur hans voru rifnar úr Elliðaánum og brotnar 25. júlímán. f.á., og ber þá að líta á hina einstöku kröfupósta.

1. Kostnaðurinn við að halda varðmenn við Elliðaárnar, og er kostnaðar-krafa sú 60 kr. 80 aur. Þrátt fyrir blá-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bera neitun stefnda, sem við ekkert hefur að styðjast, verður rètturinn að kannast við, að kostnaður þessi hafi átt sèr stað, að hann hafi verið eðlileg afleiðing árásar þeirrar, er gjörð var á kisturnar í Elliðaánum 25. júlímán. f. á., og að stefndi því eigi geti komist hjá að endurgjalda hann, enda er krafan að rèttarins áliti engan veginn há.

2. Kostnaður við aðgjörð á veiðivèlum í Elliðaánum (að hálfu) 40 kr. 50 aur. Þar eð kostnaður þessi er bein afleiðing af kistubrotinu og er metinn af 2 dómkvöddum óvilhöllum mönnum, ber að taka kröfu stefnandans um upphæð þessa til greina, þrátt fyrir ástæðulaus mótmæli stefnda.

3. Endurgjald fyrir veiðimissi í 3 daga, eptir að kistubrotið var framið (að hálfu) 43 kr. 32 aur. Það var eðlileg afleiðing kistubrotsins, að veiðin misstist um þann tíma, er leið þar til kisturnar urðu aptur niður settar, og verður því þessi krafa að takast til greina, er sett er eptir laxveiðibók stefnandans, og hefur staðfestur útdráttur úr henni verið fram lagður í rèttinum, er sýnir, hvað mikið veiðst hefur á sama tímabili næst undanfarin ár. Frekari sönnun til að ákveða skaða þennan eptir, virðist eptir atvikum eigi geta orðið heimtuð af stefnandanum.

4. Þá krefst stefnandinn bóta fyrir rýrð á lánstrausti („Tort og Creditspilde") 500 kr., en stefndi mótmælir al-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjörlega kröfu þessari. Rétturinn verður að vísu að álíta það sennilegt, að stefnandinn hafi liðið „Tort og Creditspilde" við árás þá á eign hans, laxveiðivélarnar, er gjörð var 25. júlímán. f. á., og að honum beri bætur þar fyrir, en upphæð kröfunnar getur rétturinn eigi tekið til greina óskorað, gegn mótmælum stefnda, þar eð með engu er gjört sennilegt, að hún sé rétt, eða nær hófi. Þykir því rétt að dæma stefnandanum bætur fyrir „Tort og Creditspilde" eptir því, sem dómkvaddir óvilhallir menn meta þar, þó þannig, að hinum stefnda eptir kröfu stefnandans að eins gjörist að greiða helming þeirra bóta, er hinir óvilhöllu menn kunna að ákveða sem hæfilegar, og sem eigi mega fara fram úr 1000 kr. Eptir öllum málavöxtum ber og stefnda að greiða stefnandanum málskostnað með 30 kr.

Því dæmist rétt að vera:

Hinn stefndi Kristinn Magnússon greiði stefnandanum, H. Th. A. Thomsen skaða- og kostnaðarbætur, að upphæð 144 krónur 62 aurar, enn fremur bætur fyrir rýrð á lánstrausti („Tort og Creditspilde") eptir mati tveggja dómkvaddra óvilhallra manna með helming þeirrar upphæðar, er menn þessir meta, þó þannig, að öll sú upphæð eigi fari fram úr 1000 kr. Svo greiði stefndi og málskostnað með 30 kr.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Kristján Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dómurinn var lesinn upp í réttinum og rétti sagt slitið.

Kristján Jónsson.                Vottar:

Torfi Magnússon. Magnús Torfason.

Dómsgjörðum þessum til staðfestingar er nafn mitt og innsigli sýslunnar. – Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu, 30. april, 1881. –

Kristján Jónsson

Gjald til landsjóðs:

Útskript, 10 arkir – kr 5,00

Staðfest. og innsigl. – 0,41

= 5,41 – eru

fimm krónur 41 eyri. –

Skf. –

No 2

Lagt fram í yfirdóminum 13. júní 1881.

L. Sveinbjörnsson

No 3

Lagt fram í yfirdóminum 17. Oct. 1881.

L. Sveinbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 4

Framlagt í fjelagsrjetti Kjósar og Gullbringusýslu að Engey, 26/2 1883.

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N. 561–81

Dómsgjörðir

í málinu: H. Th. A. Thomsen

gegn

Sæmundi Sæmundarsyni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kristján Jónsson sýslumaður
í Kjósar og Gullbringusýslu.

Kunngjörir: að ár 1880, 7. dag maimánaðar var aukaréttur Kjósar og Gullbringusýslu settur og haldinn á þingstað Seltjarnarneshrepps að Mýrarhúsum af hinum reglulega dómara, sýslumanni Kristjáni Jónssyni, með þingvottum Sigurði Sigurðarsyni og Sigurði Jónssyni. – Var þá tekið fyrir málið:

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen
gegn
Sæmundi bónda Sæmundarsyni.

Fyrir hönd stefnandans mætir prokurator Páll Melsted og leggur fram No 1, fullmagt fyrir sig dags. 25/9 1877 til þess að færa öll mál fyrir stefnandann út af eignum hans hér á landi; þá leggur hann fram stefnu, dags. 15. f.m.; auðkennist No 2. Ennfremur kæru til sáttanefndar dags. 12. martsmán.; auðkennist No 3. Þá leggur hann fram No 4, eptirrit eptir útskript úr þingbók Kjósar- og Gullbringusýslu; auðkennist skjal þetta um framlegginguna. Þá leggur hann enn fremur fram útskript úr laxveiði-bók stefnandans; auðkennist No 5. Þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá leggur hann fram No 6, skaðabótakröfu til hins stefnda, framlagða á sáttafundi 31. marts þ. á. Þá framleggur hann sókn dags. í dag; auðkennist No 7.

Skjöl þessi hljóða þannig:

No 1.

Hér með gef eg undirskrifaður H. Th. A. Thomsen kaupmaður og borgari í Reykjavík ótakmarkaða fullmagt herra prokurator Páli Melsted í Reykjavík til þess að gæta minna réttinda að því leyti er snertir fastar eignir mínar á Íslandi, samt til þess að höfða sök og annast um að henni sé framfylgt við dómstólana, svo framarlega sem réttindi mín viðvíkjandi téðum fasteignum eru á nokkurn hátt skert, eins og líka til þess mín vegna að gegna kærum, er á móti mér kunna að verða höfðar út af þessum eignum, samt til að útkljá allar slíkar ákærur, er mig snerta og koma kunna, með sáttargjörð. Og skal allt, er velnefndur mandatarius minn gjörir eða umsemur áðurnefndum réttindum viðkomandi, vera eins skuldbindandi eins og það af mér sjálfum hefði verið gjört eða umsamið.

Kaupmannahöfn, 25. sept. 1877.

H. Th. A. Thomsen.

Vitundarvottar:

L. Popp. W. Fischer.

Generalfullmagt

fyrir herra prokurator P. Melsted.

Samhljóða notarial-staðfestu eptirriti. Vottar

Borgun 25 aur. Brg. Kr. J. Kristján Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu
7. maí 1880.
Kristján Jónsson.

№ 2.

Kristján Jónsson sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu

Kunngjörir: að Páll Melsted málaflutningsmaður hefur skýrt mér frá, að kaupmaður H. Th. A. Thomsen hafi látið verzlunarstjóra sinn Larsen kalla fyrir sáttanefnd Sæmund bónda Sæmundsson á Elliðavatni, sem einn af foringjum þeirra manna, er brutu laxakistur og skemmdu veiðigarða Thomsens í Elliðaánum 25. júlí 1879, en að sáttatilraun hafi orðið ~~á~~ árangurslaus, og málinu þessvegna verið vísað til landslaga og réttar.

Stefnist því hér með nefndum bónda Sæmundi Sæmundssyni á Elliðavatni, til þess að mæta eða mæta láta fyrir aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu, sem haldinn verður á þinghúsi Seltjarnarneshrepps að Mýrarhúsum föstudaginn 7. næstkomandi maímánaðar kl. 12 á hádegi, eða ef veður bannar, þá næsta dag í sama mund – stefnist nefndum Sæmundi Sæmundssyni til þess þar og þá að sjá skjöl í réttinn lögð, hlýða á sókn sakar og réttarkröfur, til sakar að svara og dóm að þola til skaðabóta fyrir skemmdir á veiðivélum Thomsens, veiðispjöll, greinjar og rýrð á lánstrausti, samt til málskostnaðar skaðlaust, eða einhvers nægilegs og sérhvers annars, er af sókninni getur löglega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leitt, allt epter nákvæmari útlistun sækjandans fyrir réttinum. Lögdagur er aftekinn með tilskipun 3. júní 1796.

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu, 15. apríl 1880.

Til staðfestu nafn mitt og innsigli sýslunnar.

Kristján Jónsson.

L.S.

Gjald:
41 – fjörutíu og einn – eyrir
Kr. J.

Ár 1880, þann 22. apríl höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Seltjarnarneshreppi birt framanskrifað fyrirkall bóndanum Sæmundi Sæmundssyni á Elliðavatni persónulega á hans lögheimili. Þetta vitnum við í krapti ummins eiðs með okkar undirskrifuðum nöfnum og hjásettum signetum.

Eiríkur Bjarnason. Ólafur Ólafsson.
L.S. L.S.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu
7. maí 1880.
Kristján Jónsson.

## № 3.

Það er kunnugt, að eptir að laxakistur kaupmanns H. Th. A. Thomsens í Elliðaánum tvívegis næstliðið sumar höfðu verið brotnar og veiðinni spillt fyrir honum, og að hann í bæði skiptin hafði með talsverðum kostnaði látið gjöra við kisturnar og setja þær aptur í árnar, þá voru 25. júlí f. á. af hér um bil 30 manns kisturnar enn á ný brotnar og rifnar burt úr ánum og veiðigarðar skemmdir, þar sem grjótinu úr þeim var velt ofan í árnar. Útaf þessu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ofríkisverki var höfðað opinbert mál móti þeim, sem verkið höfðu unnið, og þeir með undirréttardómi 1. okt. 1879 dæmdir í sektir og málskostnað, en þar á móti voru kaupmanni Thomsen engar skaðabætur dæmdar.

Eins og vitanlegt er, getur kaupmaður Thomsen ekki unað við slík málalok og sér sig þess vegna neyddan til að leita skaðabóta hjá þeim, sem téð ofríkisverk hafa unnið á eigum hans og skemmt fyrir honum veiðina. –

Þar eð nú Sæmundur bóndi Sæmundsson á Elliðavatni er ekki einungis einn af þeim, sem tóku þátt í nefndum veiðispjöllum aðfaranóttina 25. júlí f. á., heldur líka má teljast sem einn helzti maðurinn meðal þeirra, þá hlýt eg samkvæmt vilja kaupmanns H. Th. A. Thomsens að snúa mér til herra amtmannsins með þeirri ósk, að Y. H. mætti þóknast að kalla nefndan Sæmund bónda Sæmundsson og mig á sáttafund, til þess reynt verði að miðla málum um skaðabætur fyrir skemmdir á veiðivélum og fyrir veiðispjöll. –

En komist ekki sættir á, óska eg að málinu verði vísað til dóms og laga, og mun þá af Thomsens hendi verða krafist fyllstu skaðabóta fyrir skemmdir á veiðivélum hans og fyrir veiðispjöll, samt málskostnað skaðlaust, eða með einhverju tilhlýðilegu. –

Reykjavík, 12. marts 1880.

L. Larsen
verzlunarstjóri hjá H. Th. A. Thomsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
amtmannsins yfir suður- og vesturamti.

Í tilefni af hins vegar skrifaðri kæru innkallast hér með:

1. Kærandinn, verzlunarstjóri L. Larsen í Reykjavík, fyrir hönd kaupmanns H. Th. A. Thomsens, og
2. Hinn kærði, bóndinn Sæmundur Sæmundsson á Elliðavatni,

til að mæta á skrifstofu suðuramtsins í Reykjavík, fyrir undirskrifuðum amtmanni, sem sáttamanni í Seltjarnarneshreppi, miðvikudaginn 31. þessa mánaðar kl. 12 á hádegi, og mun þá verða reynd sætt milli málspartanna í máli þessu.

Kærandinn annist um, að kæruskjal þetta með áteiknuðu fyrirkalli verði löglega birt hinum kærða, og leggi það svo fram á sáttafundinum með áteiknun stefnuvottanna um birtinguna.

Reykjavík, 15. marts 1880.

Bergur Thorberg.

Ár 1880, þann 23. marts höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Seltjarnarneshreppi birt framanskrifað forlíkunar-fyrirkall bóndanum Sæmundi Sæmundssyni á Elliðavatni persónulega á hans lögheimili. Þetta vitnum við í krapti vors eiðs með okkar undirskrifuðum nöfnum.

Eiríkur Bjarnason. Ólafur Ólafsson.

L.S.

Ár 1880, 31. marts, var af undirskrifuðum reynd sætt í máli því, er kæruskjal þetta hljóðar um. Partarnir mættu báðir persónulega á sáttafundinum. Sátta-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilraunin varð árangurslaus, og var málinu þess vegna eptir ósk kærandans, verzlunarstjóra Larsens, vísað til landslaga og réttar.

Reykjavík, 31. marts 1880.

Bergur Thorberg.

Framlagt á sáttanefndarfundi Seltjarnarneshrepps í Reykjavík 31. marts 1880.

Bergur Thorberg.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 7. maí 1880.

Kristján Jónsson.

## № 4.

Eptirrit eptir „útskript úr þingbók Kjósar og Gullbringusýslu sem er staðfest af sýslumanni Kristjáni Jónssyni.

* * *

Samkvæmt útnefningu herra sýslumannsins í Kjósar og Gullbringusýslu, Kristjáns Jónssonar, dags. 26. þ. m., höfum við undirskrifaðir skoðað veiðivélarnar í Elliðaánum, sem úr voru rifnar hinn 25. þ. m.

Vestri kistan í vestri ánni lá á þurru vestan til við ána, að nokkru leyti sundurdregin, og vantaði nokkra borðstúfa í hana, líka voru augun á járnslánum, sem liggja yfir kisturnar, brotin og 2 skástífur á öðrum endanum lamaðar, líka voru endarnir á grjótgörðunum niður fallnir.

Eystri kistan í sömu á lá á þurru austan til við ána, og var einn þverrimill brotinn og hálfur einn tekinn úr, ásamt fleka þeim, sem hann er fastur í og sem var talsvert skemmdur, líka voru endarnir á grjótgörðunum niður fallnir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Efri kistan í austuránni, sem lá á bökkunum fyrir austan ána, var að miklu leyti sundurdregin og brotnar úr henni 4 þverslár og nokkrar smárimlar og borðapartar, líka voru háfarnir báðir skemmdir, einnig endarnir á grjótgörðunum niðurfallnir. Neðri kistan í sömu á var í ánni og óskemmd.

Eptir að við nákvæmlega höfðum skoðað veiðivélarnar, kom okkur saman um, að kostnaðurinn við að gjöra þær eins góðar, og þær höfðu áður verið, setja þær í árnar og hlaða garðana, mundi verða 81 króna.

Reykjavík, 26. júlí 1879.

Helgi Helgason. Sveinn Sveinsson.

Til

sýslumannsins í Kjósar og Gullbringusýslu.

Að ofanritað eptirrit sé orð til orðs samhljóða útskript þeirri að ofan um getur, er mér hefur verið sýnd, votta eg hér með notarialiter eptir nákvæman samanburð.

Skrifstofu notarii publici í Reykjavík, 13. marz 1880.

E. Th. Jónassen.

Borgun: 25 – tuttugu og fimm – aurar

borg. E. Th. Jónassen.

In fidem copiæ

Kristján Jónsson.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 7. mai 1880

Kristján Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9

## № 5.

### Útdráttur
úr laxveiðibók kaupmanns H. Th. A. Thomsens.

1877 veiddist af laxi í Elliðaánum:

25., 26. og 27. júlí, í allt . . . 259 ℔

1878 veiddist — 25., 26. og 27. júlí, í allt . . 236 –

495 ℔

að meðaltali: 247½ ℔ á 35 aura = 86 kr. 63 a.

″ ″ ″

Að ofanskrifað sé alveg samhljóða laxveiðibók kaupmanns Thomsens; er mér hefur verið sýnd, votta eg hér með notarialiter eptir nákvæman samanburð.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 5. mai 1880.

E. Th. Jónassen

Borgun: 25 aurar.

borg. E. Th. J.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 7. mai 1880.

Kristján Jónsson.

## № 6.

Eptirrit. Skaðabóta-krafa til Kristins Magnússonar og Sæmundar Sæmundssonar fyrir aðfarir þeirra á veiðivélum ~~Thomsens~~ kaupmanns H. Th. A. Thomsens sumarið 1879.

1. Varðkostnaður til tveggja manna frá 25. júlí til 1. sept., 38 daga . . . 121.60

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Aðgjörð á laxakistum og veiðigörðum . . 81.00
3. Veiðimissir þá 3 daga: 25., 26 og 27. júli 1879, þegar kistur og garðar lágu niðurbrotnir 86.63
(Metið eptir því, sem veiðst hafði tilsvarandi daga 1877 og 1878).
4. Tort og Creditspilde (þ. e. gremja og rýrð á eign og lánstrausti) . . . . . . . 1000.00

kr. 1289.23

Framlagt á sáttanefndarfundi Seltjarnarneshrepps í Reykjavík 31. marts 1880.

Bergur Thorberg

Rétt eptirrit staðfestir

Kristján Jónsson.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 7. mai 1880.

Kristján Jónsson.

## № 7.

### Sókn

í málinu: kaupmaður H. Th. A. Thomsen
gegn
Sæmundi Sæmundssyni bónda á Elliðavatni.

Samkvæmt því umboði, sem mér er veitt af Thomsen kaupmanni til að höfða mál það, er hér liggur fyrir, og framfylgja því til dóms, skal eg leyfa mér að leggja fram fyrir hinn heiðraða rétt þessi skjöl:
1. Stefnu frá 15. april 1880 með birtingarvottorði
2. Kæru til sáttanefndar frá 12. marts 1880, með áritun sáttasemjarans um árangurslausa sáttatilraun.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Skoðunargjörð útnefndra manna um skemmdir á veiðivélum Thomsens, frá 26. júlí 1879.
4. Útdrátt úr laxveiðibók kaupmanns Thomsens,
og því næst skal eg leyfa mér að fara svofeldum orðum um málið:

Eins og tekið fram er í kæruskjali til sáttanefndarinnar (Litr. 2), er það kunnugt, að hinn stefndi Sæmundur bóndi Sæmundsson á Elliðavatni er ekki einungis einn af þeim mörgu, sem tóku þátt í ofríkisverki því, er unnið var á veiðivélum Thomsens í Elliðaánum 25. júlí 1879, heldur og einnig að hann má teljast einn hinn helzti maður í flokknum. Sjálfur hefur Sæmundur skriflega til landshöfðingja gefið sig fram sem hluttakanda, sem samverkamann í hinum áminnstu veiðivéla spjöllum. Hinn stefndi mátti þó muna, að tvö undanfarin ár, bæði 1877 og 1878, og eins áður á árinu 1879, höfðu menn skemmt og brotið veiðivélar kaupmanns Thomsens og verið dregnir fyrir lög og dóm og verið dæmdir til sekta og fjárútláta. Hér var þess vegna ekki þekkingarleysi um að kenna. Hinn stefndi vissi vel, hvernig það verk var háttað, sem hann tók hlutdeild í 25. júlí 1879, en hann lét það ekki aptra sér frá þessari samvinnu. Hann vissi vel, að hann (og þeir félagar) gjörðu Thomsen skaða, með því að ráðast á eign hans og skemma hana og spilla fyrir honum veiðinni.

Sá skaði, sem Thomsen hefur beðið af þessari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

árás á eignir sínar, er mjög mjög mikill og tilfinnanlegur, eins og líka sá kostnaður, sem út af því hefur risið fyrir hann. Hann hefur orðið að halda vökumenn nótt og dag við veiðivélarnar í ánum; hann hefur orðið að kaupa aðgjörð á kistum og stíflugörðum; hann hefur misst veiðina algjörlega í 3 daga, nl. 25., 26. og 27. júlí (1879), og hefur sá skaði verið metinn eptir því sem veiddist tilsvarandi daga árið 1877 og 1878. En sá mesti skaði, sem Thomsen hefur liðið við það, að veiðivélar hans urðu fyrir þessum yfirgangi af hinum stefnda og samverkamönnum hans, hann er innifalinn í þeirri rýrð, því óorði, sem komst á laxveiðina í Elliðaánum. Hver vill gefa mikið fyrir þá eign, sem liggur undir sífelldum skemmdum, ekki náttúrunnar, heldur náungans? Ef þetta er ekki „Tort og Creditspilde" og það sérstaklega fyrir Thomsen, sem kaupmann, þá veit eg ekki, hvað það á að heita? Eg verð að geta þess, að hinn stefndi er vel efnaður maður, og að krafan fyrir „Tort og Creditspilde" er sett svo lágt, sem minnst verður. –

Samkvæmt því, sem hér er tekið fram, verð eg að krefjast fyrir Thomsens hönd, að hinn stefndi greiði honum skaðabætur þannig:

1. Helming varðkostnaðar til tveggja manna frá 25. júlí f. á. til 1. sept., eða 38 daga (samtals 121 kr. 60 a.) með . . . . . . . . 60 kr. 80 a.
2. Hálfa aðgjörð á veiðivélum (samt. 81 kr.) með 40 – 50 –
3. Helming fyrir veiðimissi þá 3 daga, nl. 25. 26. og 27. júlí f. á. (samtals 86,63) með . . 43 – 32 –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13

4. „Tort og Creditspilde" (rýrð á eign og lánstrausti), samtals metið 1000 kr., þar af helming . . . 500 kr. „ a.

Samtals 644 - 62 -

Þar að auki hefur hinn stefndi eigi viljað sættast, og þannig neytt Thomsen til að rekja mál þetta á hendur honum, og hlýtur Thomsen því að krefjast málskostnaðar hjá hinum stefnda, annaðhvort skaðlaust, eða einhvers nægilegs eptir réttarins mati. — Verður því mín ~~rétta~~

Réttarkrafa:

að hinn stefndi Sæmundur bóndi Sæmundsson á Elliðavatni verði skyldaður til að greiða kaupmanni H. Th. A. Thomsen í skaðabætur þá upphæð 644 krónur 62 aura, samt málskostnað skaðlaust, eða með einhverju nægilegu eptir réttarins mati.

Legg eg svo sökina í dóm með venjulegu skilyrði og fyrirvara.

Reykjavík, 7. maí 1880.

Páll Melsteð.

Til
aukaréttar Kjósar og Gullbringusýslu.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 7. maí 1880.

Kristján Jónsson.

Fyrir hönd stefnda var enginn mættur, og eptir að rétturinn hafði verið haldinn í lögboðinn tíma, var sökin eptir kröfu stefnandans tekin upp til dóms.

Rétti slitið.
Kristján Jónsson.

Málspartur:
Páll Melsteð.

Vottar:
Sigurður Sigurðsson.
Sigurður Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, 21. dag maímánaðar var aukaréttur Kjósar og Gullbringusýslu settur í Reykjavík og haldinn af hinum reglulega dómara, Kristjáni sýslumanni Jónssyni, með þingvottum Þórði hreppstjóra Guðmundssyni og cand. polit. Indriða Einarssyni. – Þá var tekið fyrir málið:

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen
gegn
Sæmundi Sæmundssyni.

Fyrir hönd stefnda mætir landshöfðingjaritari Jón Jónsson og leggur fram Reassumtions – stefnu, dags. 15. þ. m., er auðkennist No 8. Þá leggur hann fram umboðsskjal fyrir sig, dags. 4. þ.m., er auðkennist No 9. –

Skjöl þessi hljóða þannig:

No 8.

Kristján Jónsson sýslumaður í Kjósar og Gullbringusýslu

gjörir kegrum kunnugt: Mér hefur tjáð Sæmundur bóndi Sæmundsson á Elliðavatni í Seltjarnarneshreppi, að hann óski, að mál gegn honum, sem vegna hans útivistar var tekið undir dóm 7. þ. m. í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu samkvæmt stefnu og kröfum málaflutningsmanns Páls Melsteds fyrir hönd kaupmanns H. Th. A. Thomsens, megi á ný fyrir takast samkvæmt 9. gr. tilsk. 15. águst 1832.

Fyrir því innkallast málaflutningsmaður Páll Melsted til þess að mæta eða mæta láta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu, sem hald-
inn mun verða fimmtudaginn 3. dag júnímán.
næstkom. á þinghúsi Seltjarnarneshrepps að Mýr-
arhúsum, kl. 12. á hádegi, til þess þar og þá að sjá
téð mál á ný tekið fyrir, heyra vörn og andsvör
varnaraðila í því og þola dóm í málinu sam-
kvæmt kröfum hans, allt með sömu verkun, og
ef það hefði verið fram fært í aukaréttinum
7. maí þ.á.

Lögdagslegging er úr lögum numin með
tilskipun 3. júní 1796.

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu 15. maí
1880.

Kristján Jónsson.

Gjald: 1 kr. 41 eyr. L.S.

Borg. Kr. J.

Þessi stefna er mér löglega birt, og get eg þess,
að eg hefi ekkert móti því, að sök þessi verði tekin
fyrir föstudaginn 21. maí hér í ~~bænum~~ Reykjavík,
þegar málið móti Kristni Magnússyni verður tek-
ið fyrir.

Reykjavík, 18. maí 1880.

Páll Melsteð.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu
21. maí 1880.

Kristján Jónsson.

## № 9.

Hér með veiti eg settum yfirréttarprokurator Jóni Jóns-
syni ótakmarkað umboð til þess að verja fyrir mína
hönd mál, er kaupmaður H. Th. A. Thomsen hefur stefnt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

76

á hendur með til skaðabóta fyrir brot á laxakistum og veiðigörðum í Elliðaám 25. júlí 1879. Skal allt það, sem velnefndur umboðsmaður minn eða sérhver sá, sem hann setur í sinn stað, gjörir fyrir mína hönd í þessu máli, vera fullt eins gilt og eg hefði sjálfur gjört það.

Elliðavatni, 4. mai 1880.

Sæmundur Sæmundsson.

Lagt fram í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 21. mai 1880.

Kristján Jónsson.

Biður hann þá um skjöl málsins léð, sem til þessa hafa verið í vörzlum dómarans, og frest til 3. n. m. Hvorttveggja veitt með samþykki umboðsmanns mótpartsins, Páls Melsteðs, er einnig var mættur. Voru Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni afhent skjölin No 1-9, og verður mál þetta næst tekið fyrir fimmtudaginn 3. n. m., kl. 2 e. m., á heimili Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar í Reykjavík.

Rétti slitið.

Málspartar: Kristján Jónsson. Vottar:
Páll Melsteð. Þórður Guðmundsson.
Indriði Einarsson.

Ár 1880, 3. dag júnímánaðar var aukaréttur Kjósar og Gullbringusýslu settur í Reykjavík og haldinn af hinum reglulega dómara Kjósar og Gullbringusýslu, sýslumanni Kristjáni Jónssyni, með vottum Magnúsi Þórarinssyni og Árna Sveinssyni.

Var þá tekið fyrir málið: Kaupm. H. th. A. Thomsen
gegn
Sæmundi bónda Sæmundssyni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd stefnda mætir landshöfðingjaritari Jón Jónsson og skilar aptur skjölum þeim, er hann fékk léð síðasta réttardag, №1-9, og leggur fram vörn, dags. í dag, er auðkennist №10, og hljóðar þannig:

№10.

Vörn

í málinu: H. Th. A. Thomsen
gegn
Sæmundi Sæmundssyni

Stefnandinn hefur hvorki í sáttanefndinni né fyrir réttinum mætt sjálfur. Eg verð fyrir hönd umbjóðanda míns að mótmæla þessu. Sérílagi neita eg því, að L. Larsen sá, sem mætt hefur í sáttanefndinni, hafi haft nokkurt umboð af hendi stefnandans í þessu máli, enn og eg vil leyfa mér með tilliti til umboðsskjalsins frá 25. sept. 1877, er mótparturinn hefur lagt fram, að athuga, að það auðsjáanlega kemur alls ekki þessu máli við, því umboðið talar að eins um réttindi þau viðvíkjandi fasteignum stefnandans, en þau réttindi, er hér ræðir um, eru sannarlega langt frá því að vera fasteignarréttindi. Eg neyðist því einnig til að neita því, að mótparturinn hafi haft nægilegt umboð til að höfða mál þetta fyrir hönd sóknaraðila.

Ekki ber Sæmundur í móti því, að hann hafi með 29 öðrum mönnum verið viðstaddur við laxakistur sækjandans 25. júlí f. á., og hann játar einnig, að hann hafi ekki haft neitt á móti því, að 3 af kistunum þá hafi verið teknar upp úr ánum. En hann neitar því fastlega, að hann hafi verið helzt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

maðurinn í þessu, þvert á móti tók hann sjálfur engan þátt í þessu verki. Hann hefur heldur ekki kjáð landshöfðingjanum þetta, og bréf það, sem mótpartsrinn vottar til, og sem umbjóðandi minn fékkst til að skrifa undir, inniheldur umkvörtun yfir ólöglegri veiði sækjandans, en þar á móti ekki sönnun þá, er mótpartinum þykist þar hafa fundið. –

Enn fremur neitar Sæmundur því, að laxakisturnar sjálfar eða veiðigarðar sækjandans hafi orðið fyrir nokkrum skemmdum, þá er kisturnar voru teknar úr ánum. Skoðunargjörðin frá 26. júlí f. á. sannar ekkert, og hefur hún farið fram án stefnu til umbjóðanda míns (N. L. 1-4-1). Skemmdir þær, er þar getur um, en sem eg neita, hafa getað verið á kistunum áður en þær voru teknar upp úr ánum, og eins er mögulegt, að sækjandi eða einhver annar hafi í blóra við umbjóðanda minn átt við kisturnar, eptir að þær voru teknar upp. –

Mótpartsrinn kallar það „ofríkisverk“ að taka ólöglegar veiðivélar úr laxá; en slíkt ofríki virðist mér mjög afsakanlegt. Kistur þær, er hér voru teknar, voru, að því er umbjóðandi minn frekast vissi og veit, ólöglegar, enda hafa 3 héraðsdómar dæmt þetta, og þó að dómum þessum hafi verið áfrýjað til yfirdóms og þar breytt, er ekki enn útséð um þá spurningu, því að yfir-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

réttardómnum þessum hefur aptur verið áfrýjað til hæstaréttar. En þó að það nú skyldi verða fullnaðarúrslit þessa máls, að veiðivélarnar yrðu dæmdar löglegar, getur enginn orðið fyrir skaðabóta-ábyrgð af því, að hann beitir ofríki gegn vélunum. Það er saknæmt að beita ofríki gegn mönnum, getur verið saknæmt að beita valdi ~~við~~ gegn lifandi peningi (§ 299 hegningarlaganna), en alveg saklaust að sýna líflausum hlutum ofbeldi. Því að eins getur eigandi hlutanna fylgt fram nokkurri ábyrgð út af slíku ofríki, að það hafi bakað eigandanum skaða, en það er langt frá því, að svo hafi verið í þessu máli, hvert á móti virðist sækjandi beinlínis hafa haft hag af því, að fá kistur sínar teknar upp sér alveg að kostnaðarlausu, svo að hann gæti skoðað þær og lagað það, sem að þeim kynni að hafa verið. Eg er búinn að sýna fram á, að skemmdir þær, sem kynnu að hafa fundist á kistunum daginn eptir að þær voru teknar upp, hafi verið umbjóðanda mínum alveg óviðkomandi.

Enn fráleitari er krafa sækjandans um, að umbjóðandi minn taki þátt í því að borga varðkostnað í 38 daga eptir 25. júlí. Fyrst neita eg, að slíkur vörður hafi átt sér stað. Hafi sækjandi haft 2 menn við laxakistur sínar, sem eg neita, að verið hafi eptir 25. júlí f. á. (þar á móti mun hann hafa haft slíka menn fyrir þann tíma), hefur það lík-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lega verið af því, að hann þurfti á þeim að halda við veiði sína eða til annara starfa þar innfrá.

Veiðimissi neita eg fastlega að sækjandi hafi haft. Eg neita, að „laxveiðibók“ sú, sem sækjandi virðist að hafa búið til á tímabilinu frá 25. júlí f.á. og til 5. maí þ.á., hafi nokkuð sönnunarafl, og að sækjandinn í rauninni hafi veitt nokkuð á þeim dögum árin 1877 og 1878, er getur um í fylgiskjalinu No 5. Mótpartsrinn getur ekki í móti því borið, að það hafi þráfaldlega komið fyrir, að alls enginn lax hafi komið í kistur sækjandans, og berta sönnunin fyrir því, að 25. júlí hafi verið laxalaus dagur, er, að þann dag og 2 eptirfylgjandi daga kom, að því er sjálf skjöl mótpartsins sýna, alls enginn lax í þá kistu, sem varð eptir í ánum. En hvers vegna setti sækjandi ekki 3 kisturnar þegar 25. júlí aptur niður í árnar? Það var sannarlega ekki umbjóðanda mínum að kenna, að kisturnar stóðu uppi allan þann daginn og daginn eptir, hann tilkynnti sjálfur bæði landshöfðingja og sækjanda það, sem hann hafði séð inni við árnar, og hefur sækjandinn líklega látið kisturnar liggja uppi einmitt af því, að hann gat vitað, að enginn lax mundi koma í þær um það leyti.

Krafan um Tort og Creditspilde er karakteristisk fyrir mótpartinn. Tilhæfulausari krafa hefur aldrei sést. Að heimta 1000 kr. í „Creditspilde og Tort“ fyrir skaða, sem maður ekki telur sjálfur meira en

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

81 kr.!! Eg neita fastlega, að sækjandi hafi haft hina minnstu gremju og rýrð á eign og lánstrausti át af öðrum eins skaða. Hver meðalbóndi hefði getað borið hann, hvað þá ~~[illegible]~~ stórríkur kaupmaður. –

Mótparturinn sjálfur telur umbjóðanda minn einn af 30. Eptir sjálfri sögusögn mótpartsins, sem eg þó neita, hefur það verið sameiginlegt ráð 30 manna að taka kistur sækjandans úr ánum, og þá er umbjóðandi minn reus incompetens. Það litis consortium, sem mótpartinum þykist hafa fundið, verður sækjandi að lögsækja sem eina heild, og hann getur ekki tekið fyrir einstaka menn af þeim, er hann grunar. En sé ekkert litis consortium, þá dugar ekki að lögsækja hvern einstakan fyrir meira en hans hluta af verkinu – og það, sem því sækjandinn getur komist lengst, er, að umbjóðandi minn greiði honum 1/30 af kostnaði þeim, er hann sannar eða óvilhallir dómkvaddir menn meta, að hann hafi haft við að setja viðkomandi laxakistur niður í ánar aptur.

Loksins get eg þess, að þó að hinn stefndi sé talinn bjargálnamaður í sveit sinni, á hann ekki 1/100 part af lánstrausti því og fé, sem sækjandi nýtur. – Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, krefst eg:

<u>principaliter</u>: að málinu verði frá vísað og stefnandi dæmdur til að greiða hinum stefnda „kost og tæring“.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

subsidialiter: að hinn stefndi verði sýknaður af kröfum og kröfum stefnandans, og hann skyldaður til að borga hinum stefnda allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað skaðlaust eða með einhverja nægilega,

mest in subsidium: að hinn stefndi verði sýknaður af kröfum og kröfum stefnanda gegn því að greiða 1/30 – eins þrítugasta hluta – af kostnaði þeim, er dómkvaddir menn meta, að hann hafi haft við að setja 3 laxakistur niður í Elliðaár, og að stefnandi þar að auki greiði hinum stefnda allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað. –

Reykjavík, 3 júní 1880.

Jón Jónsson.

Framlagt fyrir aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 3/6 1880

Kristján Jónsson.

Fyrir hönd stefnandans mætir prokurator Páll Melsteð og biður um skjölin léð og hæfilegan frest til andsvara. Allt saman veitt, og eru skjölin No 1–10 afhent prokurator Páli Melsteð. Verður málið næst tekið fyrir á heimili Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar 24. þ. m., kl. 2 e. m. –

Rétti slitið.

Vottar:
Magnús Þórarinsson.
Árni Sveinsson

Kristján Jónsson.

Málspartar:
Páll Melsteð.
Jón Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, hinn 24. dag júnímánaðar var aukaréttur Kjósar og Gullbringusýslu settur í Reykjavík og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Kristjáni Jónssyni, með vottum Árna Sveinssyni og Magnúsi Þórarinssyni.

Þá var tekið fyrir málið: kaupmaður H. Th. A. Thomsen gegn Sæmundi Sæmundssyni.

Fyrir hönd stefnandans mætir prokurator Páll Melsteð, skilar aptur skjölunum № 1–10, og leggur fram № 11 sóknarframhald frá í dag; enn fremur № 12, fullmagt frá kaupmanni H. Th. A. Thomsen til verzlunarstjóra L. Larsens, dags. 7. nóv. 1879. ~~Auðkennist № 12~~.

Skjöl þessi hljóða þannig:

№ 11.

Framhald sóknar

í málinu: H. Th. A. Thomsen gegn Sæmundi Sæmundssyni

Hið framlagða kæruskjal til sáttanefndar frá 15. marts 1880, ber með sér, að Larsen sá, sem mætti af hendi míns mandants, er verzlunarstjóri kaupmanns Thomsens hér í ~~bænum~~ Reykjavík og sjálfkjörinn til að mæta í fjærvist Thomsens fyrir sáttanefndinni, nema Thomsen hefði sérstaklega gjört aðra fyrirskipun. Báðir partarnir mættu persónulega, og hvorki mótpartinum (Sæmundi) né heldur sáttagjörðamanninum (amt-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

manni Thorberg) kom til hugar að mótmæla Larsen, enda hafði Larsen fullmagt frá Thomsen, sem hann að vísu sýndi, en þess var ekki getið í sáttagjörðinni. Nú er sú fullmagt í höndum míns háttvirta mótparts á samt réttarskjölum í máli Thomsens gegn Kristni í Engey, og eg leyfi mér að sýna þessa fullmagt hér í réttinum. Mótpartirinn hefur því ekki ástæðu til að segja sáttatilraunina ógilda.

Mín umboðsskrá „kemur alls ekki þessu máli við", segir mótpartirinn, en enginn lifandi maður annar en hann, og skal eg að eins leyfa mér að mótmæla þeirri hans sögusögn sem alveg ástæðulausri.

Minn heiðraði mótpartur ber ekki á móti því, að Sæmundur hafi verið viðstaddur og „ekki haft neitt á móti því, að 3 af laxakistunum voru teknar upp úr ánni". Þar með játar hann verknaði þeim á Sæmund, sem honum er gefinn að sök í þessu máli. Sæmundur hefur heldur aldrei borið á móti því, en hann afsakar sig með því, að verkið, sem þeir unnu, nl. að rífa kisturnar og stykki af grjótgörðunum, hafi verið löglegt og leyfilegt, því að bæði kistur og garðar hafi verið „ólöglegar veiðivélar". En mótpartirinn á eptir að sanna, að þessar veiðivélar Thomsens séu ólöglegar. Meðan hann gjörir það ekki, þá er það lagabrot og ofríkisverk að fella grjótgarðana og taka kisturnar úr ánni. Eg segi enn sem áður, að Sæmundur hafi verið einn helzti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

maðurinn í þeim flokki, sem eyðilögðu veiðivélar Thomsens 25. júlí f. á. Vinnumaður Sæmundi frá hafði nokkrum vikum áður í félagi með öðrum manni frá Vatnsenda, verið með að brjóta laxakistur Thomsens og hefur úttekið sína hegningu fyrir það. Sæmundur er eigandi Elliðavatns og successor Benedikts Sveinssonar, sem byrjaði málin við Thomsen. Sæmundur er ríkismaður og fyrrverandi hreppstjóri og þótti annar mestur atkvæðamaður í Ölfussveit, meðan hann var þar hreppstjóri, og allt hið sama er síðan hann fluttist að Elliðavatni í Seltjarnarneshreppi. Hann er margra hluta vegna og er haldinn einhver helzti og merkasti bóndinn í sveitinni. Þegar hann játar sjálfur, að það hafi verið með sínum vilja og vitund, að kistur og garðar Thomsens voru brotnir og skemmdir 25. júlí, hvað þarf þá framar vitnanna við? Hver vill þá neita því, að hann hafi fulla hlutdeild í því drýgða lagabroti, og það sé full ástæða fyrir Thomsen að draga hann til ábyrgðar og krefjast af honum skaðabóta, alveg eins og gjört er við Kristinn í Engey fyrir þetta sama skemmdarverk?

Mér þykir það merkileg setning, sem mótparturinn setur fram, þegar hann segir, „að það sé alveg saklaust að sýna líflausum hlutum ofbeldi". „Að sýna ofbeldi" er í þessari laxakistusök sama sem að skemma líflausa hluti. Þeir Kristinn og Sæmundur og hinir, sem þeim fylgdu sýndu ofbeldi, eða ofríki á laxagörðum og laxakistum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Thomsens, þegar þeir brutu þær og veltu um görðunum, og undir eins voru það skemmdir, og þetta ætti að vera alveg saklaust – eptir mótpartsins áliti, – af því garðarnir og kisturnar eru líflausir? En hér verður að gæta að því, að garðarnir og kisturnar voru eign Thomsens og eignarrétturinn er friðhelgur. Sé það skemmt af öðrum, sem er mín eign, hvort það er lifandi eða líflaust, þá er það ekki „saklaust", ég hefi kröfu og heimting til skaðabóta af þeim, sem skemmdi mína eign. Þessu getur ekki mótpartur inn neitað.

Mótpartur inn kemur stundum með sitt hvað, sem er fráleitt, eins og t. d. þegar hann segir, að Thomsen hafi haft hag af því, að kisturnar voru teknar upp eða brotnar og görðunum spillt. Ég læt mér nægja að segja, að slíkt sé með öllu ósatt. Sanni og sýni mótpartur þann hag, sem Thomsen hafði. Ég lýsi það einnig ósatt, þegar mótpartur segir, að Thomsen hafi ekki haft varðmenn inn í Elliðaárhólmum eptir 25. júlí f. á. Sanni og sýni mótpartur inn hið gagnstæða. Það er alkunnugt hér um allt þetta lögsagnarumdæmi og ég vil segja víðar, að Thomsen varð að hafa og hafði allt af 2 menn til þess að vera á verði í nánd við laxakistur hans. Það er notoriskt, og dugar ekki að ~~mótmæla~~ neita slíku. Mótpartur inn getur eins vel neitað því í þessari sök, að Thomsen eigi nokkuð með veiðina í Elliðaánum. –

Mótmælum mótpartsins, þegar hann neitar þýðingu laxveiðibókarinnar frá 1877 og 1878, og þegar hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

segir, að ekkert hafi veiðst í þá kistuna, sem órifin sat eptir í árkvíslinni austari, mótmæli eg að öllu leyti sem ástæðulausum.

Þá spyr mótpartur inn: því setti Thomsen ekki kisturnar 3 niður aptur sama daginn 25. júlí? Svar: af því að skemmdirnar voru svo miklar, að eigi varð gjört við það á stuttum tíma.

Mótpárturinn verður loksins alveg ruglaður í ríminu, þegar hann fer að bera saman kröfuna fyrir „Tort og Creditspilde" við kostnaðinn við að gjöra við veiðivélarnar. „Að heimta 1000 kr. í „Tort og Creditspilde" fyrir skaða, sem að eins er talinn 81 kr. það er sú tilhæfulausasta krafa, sem sést hefur nokkurn tíma". Viðvíkjandi þessu atriði vil eg láta mér nægja, að vísa til þess, sem eg hefi sagt þar að lútandi í sóknarskjali mínu frá 7. maí næstl. Eg skal að eins bæta því við, að krafan fyrir „Tort og Creditspilde" er allt of lítil, því að það er vel kunnugt, að laxveiðinni í Elliðaánum hefur rýrnað í augum allra, sem til þekkja, við þessar sífelldu árásir nokkurra manna á þessa eign Thomsens.

Eg skal að svo stöddu leyfa mér að neita öllu ósönnu og ósönnuðu í skjali mótpartsins, sem eg ekki hefi minnst á og mótmælt út af fyrir sig hér að framan, og sérstaklega skal eg fastlega mótmæla öllum hans réttarkröfum í sök þessari. Og eg held mér að öllu leyti við þá réttarkröfu, sem eg hefi áður gjört í mínu fyrra sóknarskjali í sök þessari. Legg eg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo málið sökina í dóm að geymdum rétti til frekari aðgjörða, ef þurfa þykir. –

Reykjavík, 24. júní 1880.

Páll Melsted.

Til aukaréttar Kjósar og Gullbringusýslu.

Lagt fram fyrir aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 24. júní 1880.

Kristján Jónsson.

№ 12.

Hér með gef eg herra L. Larsen verzlunarstjóra mínum í Reykjavík fullmagt til að halda á mínum fyrir viðkomandi sáttanefnd, sem eg yrði neyddur til að lögsækja til skaðabóta fyrir hlutdeild þeirra í ofríkisfullum skemmdum á veiðivélum mínum í Elliðaánum næstliðið sumar. Skal allt, sem herra L. Larsen í því efni gjörir, vera sem eg sjálfur gjört hefði.

Kaupmannahöfn, 7. dag nóvbr. 1879.

H. Th. A. Thomsen.

L. S.

Sýnt í aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 3/6 1880.

Kristján Jónsson.

Framlagt fyrir aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 24/6 1880

Kristján Jónsson.

Leggur hann því málið í dóm. Fyrir hönd stefnda mætir landshöfðingjaritari Jón Jónsson. Biður hann um viku frest og skjólin lèð. Hvorttveggja veitt með samþykki mótpartsins. Verður málið næst tekið fyrir hjá prok. Páli Melsted kl. 12 miðdg næstdan dag (1. júlí). – Rétti slitið

Kristján Jónsson.

Vottar:
Magnús Þórarinsson
Árni Sveinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, hinn 1. dag júlímánaðar var aukaréttur Kjósar og Gullbringusýslu settur og haldinn í Reykjavík af hinum reglulega dómara sýslunnar, sýslumanni Kristjáni Jónssyni, með þingvottum Lárusi Jóhannessyni og Rikkarði Torfasyni.

Var þá tekið fyrir málið:

kaupmaður H. Th. A. Thomsen
gegn
Sæmundi Sæmundssyni.

Fyrir hönd stefnda mætir landshöfðingjaritari Jón Jónsson, skilar aptur skjölum þeim, er honum voru léð síðasta réttardag, No 1-12, og leggur fram framhaldsvörn, dagst. í dag, er auðkennist No 13 og hljóðar þannig:

No 13.

Framhaldsvörn

í málinu: H. Th. A. Thomsen
gegn
Sæmundi Sæmundssyni.

Hinn háttvirti mótpartur verður að fyrirgefa mér, þó að eg heimti stranga sönnun fyrir því, að sáttatilraunin hafi ~~ti~~ verið lögleg, og neita eg enn, að Larsen hafi verið verslunarstjóri sóknaraðila, þegar sáttatilraunin fór fram, en nú er hann það ekki, því að allir vita, að sóknaraðili stýrir sjálfur verslun sinni, eða að hann þá hafi haft umboðsskjalið No 12 undir höndum, eða haft annað umboð af hendi sóknaraðila þessa máls; eins neita eg því, sem mótparturinn segir um það, sem gjörðist á sáttatilrauninni. Loksins leyfi eg mér að neita authenti og dag-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

setningu umboðsskjalsins og að benda á, að það inniheldur enga heimild fyrir umboðsmanninn til að inngangs sætt við þá menn, sem sá, er skrifað hefur umboðið, „neyðist til að lögsækja“. Það er auðséð, að sá, sem skrifað hefur umboðið, hefur skoðað sáttafyrirkallið sem tómt form, og ekki hugsað um annað en að „lögsækja“; en löggjöf vor heimtar, að veruleg sáttatilraun fari fram í hverju máli, og enginn málspartur kemst hjá því, að gæta þess.

Mótmæli mín gegn umboðsskjali mótpartsins ítreka eg. Hér er ekki spurning um fastar eignir sóknaraðila, en að eins um veiðivélar; en umboðsskjalið, hvað sem svo dagsetningu þess og authenti líður, er beinlínis bundið við fasteignar-réttindi. Varnaraðili getur ekki borið ábyrgð á öðru en því, sem hann sjálfur hefur gjört, og mótparturinn hefur ekki sannað, að það hafi verið meira en 30. partur af þeirri vinnu, sem útheimtist til að taka 3 laxakistur úr ánum.

Varnaraðili er íslenzkur bóndi, en þeir bændur hafa ekki hingað til verið taldir með ríkismönnum, enda á hann ekki 1/20 af lánstrausti því og auði þeim, er sóknaraðili er talinn að eiga.

Að taka laxakistur úr á eða að flytja þær til, er ofbeldi; en af því þarf engan veginn að leiða skemmdir á kistum þeim, sem ofbeldið er sýnt. Mótparturinn á eptir að sanna skemmdir á laxakistum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31

þeim, er hér ræðir um, eins á hann alveg eptir að sanna skemmdir á laxagörðunum.

Varnaraðili hefur gefið sóknaraðila einn þrítugasta hluta af þeirri vinnu, sem útheimtist til að taka 3 laxakistur úr ánum, og getur það verið hagur fyrir sóknaraðila. Brot á kistum og spilling á görðum er alveg ósannað í þessu máli. –

Mótpartur inn ítrekar eptir postulöt sín um varðmennina; eg held neitunum mínum. Réttvísin heimtar sannanir, ekki declamationir; en eg vil biðja dómarann að taka eptir því, að mótparturinn sjálfur segir, að sóknaraðili hafi allt af haft 2 varðmenn við veiði sína, og játar hann þannig sjálfur, að þeir hafi verið þar fyrir 25. júlí f. á.

Mótmæli mótpartsins gegn neitunum mínum eru þýðingarlaus. Réttvísin heimtar, að sá sem krefst nokkurs af náunga sínum, sanni kröfur sínar, og er ekki nóg að berja þær fram blákalt með mótmælum gegn neitunum þess, er fyrir kröfunum verður. –

Mótparturinn hefur enn ekki sannað hina minnstu „Tort og Creditspilde“ í þessu máli. Laxveiði er komin undir allt öðru en „áliti allra þeirra, er til þekkja“, og hefur mótparturinn ekki enn sannað, að þetta álit sé minna eptir 25. júlí f. á. en fyrir þann dag; og er mótparturinn „reglaður“ í meira en „níunni“, ef hann heldur, að hann geti talið nokkrum manni trú um, að laxveiði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sóknaraðila mundi aukast, þó að hún yxi í áliti manna.

Held eg svo kröfum mínum og skírskota til þess, sem áður hefur komið fram í máli þessu, og legg svo málið í dóm.

Reykjavík, 1. júlí 1880.

Jón Jónsson.

Framlagt fyrir aukarétti Kjósar og Gullbringusýslu 1/7 1880

Kristján Jónsson.

Leggur hann þá málið í dóm. – Fyrir hönd stefnandans mætir prok. Páll Melsteð, mótmælir því síðast framkomna og leggur málið í dóm. –

Sökin tekin upp til dóms.

Rétti slitið

Málspartar:
Páll Melsteð
Jón Jónsson.

Kristján Jónsson.

Þingvottar:
Lárus Jóhannesson
Rikkarður Torfason.

Ár 1880, 9. ágústmán. var aukaréttur Kjósar og Gullbringusýslu settur á skrifstofu sýslunnar og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Kristjáni Jónssyni, með vottum Torfa Magnússyni og Magnúsi Torfasyni. Var þá í sökinni:

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen
gegn
Sæmundi bónda Sæmundssyni

kveðinn upp svo látandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dómur:

Í sök þessari lögsækir stefnandinn, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, hinn stefnda Sæmund bónda Sæmundsson til skaðabóta og málskostnaðar-útláta fyrir þá skuld, að hinn stefndi, einn meðal annara, hafi ráðist á laxakistur sínar (stefnandans) í Elliðaánum 25. júlímán. f. á., þá er þær voru brotnar og rifnar úr ánum, og veiðigarðarnir um leið skemmdir. Krefst stefnandinn, að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða sér:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | hálfan varðkostnað til tveggja manna frá 25. júlímán. til 1. sept. f. á., eða 38 daga, alls . . . . . | 60 kr. 80 a. |
| 2. | hálfa aðgjörð á veiðivélunum . . . . | 40 - 50 - |
| 3. | helming skaðabóta fyrir veiðimissi í 3 daga (25., 26. og 27. júlí) . . . . . . . | 43 - 32 - |
| 4. | fyrir rýrð á eign og lánstrausti (Tort og Creditspilde) . . . . . . . . . | 500 - " - |
| | | = 644 - 62 - |

Enn fremur krefst hann, að sér verði tildæmdur málskostnaður skaðlaust eða með einhverju nægilegu.

Hinn stefndi krefst þar á móti fyrst og fremst ~~(principaliter)~~, að málinu verði frá vísað og sér tildæmd „Kost og tæring", in subsidium að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnandans, og mest in subsidium, að hann verði sýknaður af kröfum stefnandans gegn því, að greiða 1/30 hluta af kostnaði þeim, er dómkvaddir menn meta, að stefnandinn hafi haft við að setja 3 laxakistur niður í Elliðaárnar. Svo krefst hann og málskostnaðar. Frávísunar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandinn hafi hvorki mætt fyrir sáttanefndinni né í réttinum sjálfur, en krafa þessi er með öllu ástæðulaus, því að stefnandinn hefur látið mæta fyrir sína hönd, bæði fyrir sáttanefndinni og í réttinum, og hafa þeir, sem fyrir hans hönd hafa mætt, lagt fram gild umboð til þessa, enda hafði stefnandi fulla lagalega heimild til að láta umboðsmenn mæta fyrir sig.

Stefndi krefst algjörðrar sýknu fyrir þá skuld, að hann sjálfur engan þátt hafi tekið í því verki að rífa laxakisturnar úr ánum, en hann kannast við að hafa verið staddur við laxakisturnar 25. júlí f. á., og játar, að hann hafi ekkert haft á móti því, að 3 af kistunum þá hafi verið teknar upp úr ánum. Rétturinn verður að vera stefnandanum samdóma um, að með þessari viðurkenningu sé nægileg sönnun fengin fyrir því, að stefndi hafi verið með í flokki þeirra manna, er að laxakistunum fóru með þeim huga og í þeim tilgangi að taka þær upp úr ánum, og sem í verkinu framkvæmdu þennan tilgang, og þar með í heimildar- og lagaleysi gjörðu á~~ás~~ á annars manns eign. Hitt varðar engu ~~með~~ í sök þessari, hvort, hinn stefndi persónulega hefur lagt hönd á kisturnar eða ekki, þar eð það var flokkur manna, er verkið vann í sameiningu.

Þá krefst ~~stefndi~~ sýknu gegn því, að hann greiði 1/30 part af kostnaðinum við að setja 3 laxakistur niður aptur annaðhvort eptir því, er stefnandi sannar að kostnaðurinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafi verið, eða eptir mati dómkvaddra manna. Virðist hann byggja þessa kröfu sína á því, að hér hafi verið fleiri um verkið (að brjóta laxakisturnar) nl. 30, og að öllum þeim verði að stefna til ábyrgðar í sameiningu, ef nokkurri á- byrgð á að verða komið fram á hendur þeim; kallar hann, að hér sé litis consortium. En þetta er eigi rétt. Þar sem að ræða er um bætur fyrir ólöglegan verknað, er fleiri en einn hafa tekið þátt í, og verið samverkandi að, án þess sýnt verði, hvað hver ~~at~~ sérstaklega hefur gjört, ber hver einstakur hluttakandi ábyrgð á öllum þeim skaða, er af verknaðinum hefur hlotist, svo framarlega sá, sem fyrir skaðanum hefur orðið, fer því fram.

Hinn stefndi getur þannig eigi komist hjá að verða dæmdur til að greiða bætur fyrir skaða þann, er stefn- andinn hefur beðið við, að laxakistur hans voru rifnar úr Elliðaánum og brotnar 25. júlímán. f. á., og ber þá að líta á hina einstöku kröfupósta.

1. Kostnaðurinn við að halda varðmenn við Elliðaárnar og er kostnaðar-krafa sú 60 kr. 80 aur. Þrátt fyrir blá- bera neitun stefnda, sem við ekkert hefur að styðjast, verður rétturinn að kannast við, að kostnaður þessi hafi átt sér stað, að hann hafi verið eðlileg afleiðing árásar þeirrar, er gjörð var á kisturnar í Elliðaánum 25. júlímán. f. á., og að stefndi því eigi geti komist hjá að endurgjalda hann, enda er krafan að réttar- ins áliti engan veginn há.
2. Kostnaður við aðgjörð á veiðivélum í Elliðaánum (að hálfu) 40 kr. 50 aur. Þar eð kostnaður þessi er bein af-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leiðing af kistubrotinu og er metinn af 2 dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, ber að taka kröfu stefnandans um upphæð þessa til greina, þrátt fyrir ástæðulaus mótmæli stefnda.

3. Endurgjald fyrir veiðimissi í 3 daga eptir að kistubrotið var framið (að hálfu) 43 kr. 32 aur. – Það var eðlileg afleiðing kistubrotsins, að veiðin misstist um þann tíma, er leið þar til kisturnar urðu aptur niðursettar, og verður því þessi krafa að takast til greina, er sett er eptir laxveiðibók stefnandans, og hefur staðfestur útdráttur úr henni verið framlagður í réttinum, er sýnir, hve mikið hefur veiðst á sama tíma bili næst undanfarin ár. Frekari sönnun til að ákveða skaða þennan eptir, virðist eptir atvikum eigi geta orðið heimtuð af stefnandanum.

4. Þá krefst stefnandinn bóta fyrir rýrð á lánstrausti (Tort og Creditspilde) 500 kr., en stefndi mótmælir algjörlega kröfu þessari. Rétturinn verður að vísu að álíta það sennilegt, að stefnandinn hafi liðið „Tort og Creditspilde" við árás þá á eign hans, laxveiðivélarnar, er gjörð var 25. júlímán. f. á., og að honum beri bætur þar fyrir, en upphæð kröfunnar getur rétturinn ekki tekið til greina óskorað gegn mótmælum stefnda, þar eð með engu er gjört sennilegt, að hún sé rétt eða nær hófi.

Þykir því rétt að dæma stefnandanum bætur fyrir „Tort og Creditspilde" eptir því sem dómkvaddir óvilhallir menn meta þær, þó þannig að hinum stefnda, eptir kröfu stefnandans, að eins gjörist að greiða helming þeirra bóta, er hinir óvilhöllu menn kunna að ákveða sem hæfilegar, og sem eigi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mega fara fram úr 1000 kr.

Eptir öllum málavöxtum ber og stefnda að greiða stefnandanum málskostnað með 30 kr.

Því dæmist rétt að vera:

Hinn stefndi Sæmundur Sæmundsson greiði stefnandanum H. Th. A. Thomsen skaða- og kostnaðarbætur að upphæð 144 krónur 62 aura; enn fremur bætur fyrir rýrð á lánstrausti („Tort og Creditspilde") eptir mati tveggja dómkvaddra óvilhallra manna, með helming þeirrar upphæðar, er menn þeir meta, þó þannig, að öll sú upphæð eigi fari fram úr 1000 kr. Svo greiði stefndi og málskostnað með 30 kr.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglýsingu hans, undir aðför að lögum.

Kristján Jónsson.

Dómurinn var lesinn upp í réttinum og rétti sagt slitið.

Kristján Jónsson. Vottar:

Torfi Magnússon

Magnús Torfason.

Dómsgjörðum þessum til staðfestingar er nafn mitt og innsigli sýslunnar. -

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu, 30. april, 1881. -

Kristján Jónsson

Gjald til landsjóðs:

Útskript 10 arkir - Kr 5,00.

Staðfest. og innsigl. - - 0,41

= 5,41 - enn

fimm krónur 41 eyrir

K. J. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No. 2.

Lagt fram í yfirdóminum 13. júní 1881.

L. Sveinbjörnsson

No. 3.

Lagt fram í yfirdóminum 17. október 1881.

L. Sveinbjörnsson

No. 3

Framlagt í fógetarétti Kjósar og Gullbringusýslu

23/2 1883

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur